TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

Fjallabyggð

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032

Skipulagsákvæði og landnotkun

2. hluti af 4

Júní 2021



EFNISYFIRLIT

1 SKIPULAGSGÖGN 3

2 YFIRLIT 3

2.1 UM AÐALSKIPULAG 3

2.2 TILEFNI ENDURSKOÐUNAR 3

2.3 SKIPULAGSSVÆÐI 4

2.4 HELSTU VIÐFANGSEFNI ENDURSKOÐUNAR 5

2.5 HELSTU ÁHERSLUR VIÐ GERÐ SKIPULAGSINS 5

2.6 FORSENDUR 6

2.7 MEGINATRIÐI AÐALSKIPULAGSTILLÖGU 6

3 LANDNOTKUN 7

3.1 ALMENN ATRIÐI 7

3.2 ALMENN ÁKVÆÐI 9

3.3 ÍBÚÐARBYGGÐ (ÍB) 11

3.4 MIÐSVÆÐI (M) 14

3.5 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA (VÞ) 16

3.6 SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA (S) 17

3.7 ATHAFNASVÆÐI (AT) 18

3.8 IÐNAÐARSVÆÐI, VEITUMANNVIRKI (I) 19

3.9 EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI (E) 21

3.10 FRÍSTUNDABYGGÐ (F) 24

3.11 AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI (AF) 26

3.12 ÍÞRÓTTASVÆÐI (ÍÞ) 27

3.13 KIRKJUGARÐAR OG GRAFREITIR (K) 28

3.14 OPIN SVÆÐI (OP) 29

3.15 FLUGVELLIR (FV) 30

3.16 HAFNIR (H) 31

3.17 LANDBÚNAÐARSVÆÐI (L) 33

3.18 SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI (SL) 35

3.19 ÓBYGGÐ SVÆÐI (ÓB) 37

3.20 STRANDSVÆÐI (ST) 39

4 SAMGÖNGU- OG ÞJÓNUSTUKERFI 40

4.1 VEGASAMGÖNGUR 40

4.2 STÍGAKERFI 44

4.3 VEITUKERFI 44

5 VERNDARÁKVÆÐI OG TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN 46

5.1 ALMENNT 46

5.2 NÁTTÚRUVÁ (NV) 46

5.3 VARÚÐARSVÆÐI (VA) 47

5.4 FRIÐLÝST SVÆÐI (FS) 47

5.5 ÖNNUR NÁTTÚRUVERND (ÖN) 48

5.6 MINJAVERND (MV) 50

5.7 VATNSVERND VATNSBÓLA (VB) 55

5.8 VATNSVERND Á STRANDSVÆÐUM VIÐ ÁR, VÖTN OG SJÓ (VS) 55

5.9 HVERFISVERND (HV) 56

6 BREYTINGAR FRÁ AÐALSKIPULAGI FJALLABYGGÐAR 2008-2028 58

6.1 ALMENN ATRIÐI 58

6.2 LANDNOTKUN 58

6.3 SAMGÖNGUR OG ÞJÓNUSTUKERFI 60

7 KYNNING, AUGLÝSING OG AFGREIÐSLA 61
7.1 SAMRÁÐ, KYNNING OG AUGLÝSING 61
7.2 AFGREIÐSLA 62
7.3 BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU 62
8 SAMÞYKKT, STAÐFESTING OG GILDISTAKA 63
9 HEIMILDASKRÁ 64

Forsíðumynd: Jón Steinar Ragnarsson

1 SKIPULAGSGÖGN

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032 er sett fram í eftirtöldum gögnum:

1 Forsendur
2 Skipulagsákvæði og landnotkun
3 Umhverfisskýrsla
4 Viðaukar
- Sveitarfélagsuppdráttur. Mkv. 1:50.000
- Tveir þéttbýlisuppdrættir; Ólafsfjörður, Siglufjörður. Mkv. 1:10.000

Skipulagsgögn eru dagsett í júní 2021.

2 YFIRLIT

2.1 UM AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sveitarfélags þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðarþróun, byggðarmynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Stefna aðalskipulags byggir á markmiðum skipulagslaga og stefnu landskipulags og svæðisskipulags eftir því sem við á. Í aðalskipulagi skal marka stefnu til a.m.k. 12 ára en jafnframt skal litið til lengri tíma.

Aðalskipulag er ennfremur vettvangur stefnumótunar sveitarstjórnar um mikilvæg viðfangsefni sem snerta þróun þess. Stefnan skal unnin í samráði við íbúa og sett fram á skýran hátt. Aðalskipulagi er ætlað að stuðla að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna, miðla málum milli ólíkra hagsmuna þeirra sem búa og munu búa í sveitarfélaginu og stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum.[1]

Aðalskipulag tekur til alls lands, vatns og hafs innan marka sveitarfélagsins og þar er einnig gerð grein fyrir takmörkunum á landnotkun svo sem vegna náttúruvár og verndarákvæða.[2]

Aðalskipulag Fjallabyggðar er annars vegar samkomulag um landnotkun og landnýtingu og hins vegar áhald til þess að halda utan um þróun og breytingar. Aðalskipulagið er þannig ákveðinn grunnur, sem aðrir þættir í rekstri og umsjón sveitarfélagsins geta byggst á en einnig haft áhrif á. Markaðssetning eða mörkun sérstöðu svæðisins t.d. gagnvart atvinnulífi og ferðaþjónustu á heima á öðrum vettvangi og er aðalskipulagið ekki sett fram í þeim tilgangi þar sem það gæti komið niður á eiginleikum þess sem stjórntækis.

Uppfærsla einstakra þátta eða kafla aðalskipulagsins t.d. á grundvelli nýrra gagna eða breytinga á íbúaþróun á að vera auðveld án heildarendurskoðunar. Því er leitast við að hafa ákvæði skýrt afmörkuð og á það bæði við um almenn ákvæði og sérákvæði. Það auðveldar umfjöllun um þróun og breytingar.

Endurskoðun aðalskipulags Fjallabyggðar er unnið af Tæknideild Fjallabyggðar og Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. Verkefnisstjóri er Íris Stefánsdóttir skipulags- og tæknifulltrúi.

2.2 TILEFNI ENDURSKOÐUNAR

Árið 2014 fól Bæjarstjórn Fjallabyggðar, skipulags- og umhverfisnefnd að hefja vinnu við endurskoðun Aðalskipulags Fjallabyggðar 2008-2028. Helstu ástæður endurskoðunar eru breyttar forsendur í atvinnumálum, samgöngum og íbúafjölda frá staðfestingu núgildandi aðalskipulags.


[1] Sbr. grein 4.1.1 í skipulagsreglugerð 90/2013.
[2] Sbr. grein 4.1.2 í skipulagsreglugerð 90/2013.

Samráð um gerð skipulagsins hófst með framlagningu skipulagslýsingar sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lýsing var auglýst og send umsagnaraðilum í september 2017. Athugasemdir og umsagnir voru hafðar til hliðsjónar í vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins.

Núgildandi aðalskipulag Fjallabyggðar var unnið samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Endurskoðun skipulagsins er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagið sett fram í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Samkvæmt gildandi lögum og nýrri reglugerð breytist framsetning skipulagsins nokkuð. Landnotkunarflokkar eru fleiri og lita- og táknanotkun er frábrugðin eldra skipulagi. Einnig hefur landsskipulagsstefna 2015-2026 tekið gildi og alþjóðlegar samþykktir m.a. um loftslagsmál verið samþykktar sem viðmið við gerð skipulagsáætlana.

2.3 SKIPULAGSSVÆÐI

Fjallabyggð er um 364 km² að flatarmáli og nær endurskoðunin til sveitarfélagsins í heild. Innan þess eru tveir þéttbýlisstaðir, Siglufjörður og Ólafsfjörður. Skipulagsuppdrættir eru þrír þ.e. einn fyrir sveitarfélagið allt og einn fyrir hvort þéttbýli.



Mynd 1. *Fjallabyggð, þéttbýli og núverandi vegakerfi (gangamunnar eru merktir).*

2.4 HELSTU VIÐFANGSEFNI ENDURSKOÐUNAR

Við endurskoðun skipulagsins eru áherslur og markmið endurskoðuð. Framsetningu skipulagsins er breytt þannig að það nýtist enn betur sem stjórntæki og verkfæri við uppbyggingu og þróun sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er tekið á breyttum forsendum, nýjum hugmyndum, atvinnutækifærum og þróunarkostum á lýðræðislegan hátt í samræmi við ákvæði skipulagslaga og er mikilvægt að framsetning skipulagsins sé með þeim hætti að slík þróun og breytingar, sem nauðsynlegar kunna að vera, verði auðveldar og markvissar.

Markmiðum og stefnu sveitarfélagsins er að einhverju leyti mætt með ákvörðunum og ákvæðum í aðalskipulagi en einnig í deiliskipulagi og framkvæmdaáætlunum.

Helstu viðfangsefnin við endurskoðun aðalskipulagsins eru eftirfarandi atriði:

2.4.1 SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Markvisst verði unnið að fjölgun göngu- og hjólreiðastíga.
- Bæta skal tengingar að opnum svæðum.
- Reiðstígar verði merktir meðfram snjóflóðavarnargörðum.
- Stefnt er að öruggum gönguleiðum skólabarna milli skóla, íþrótta og tómstunda.
- Viðhalda flugvellinum á Siglufirði fyrir ferðaþjónustu.

2.4.2 BYGGÐ

- Stefnt er að þéttingu byggðar.
- Deiliskipuleggja skal auðar lóðir.
- Landnotkun á landfyllingu norðan Siglufjarðar verður endurskoðuð.

2.4.3 UMHVERFI

- Svæði fyrir óvirkan úrgang í báðum byggðarkjörnum.
- Gert verði ráð fyrir landrými undir matjurta- og skólagarða í báðum bæjarkjörnum.
- Útivistarsvæði og stígar verði bættir t.d. með því að koma fyrir bekkjum og útitækjum til líkamsræktar.

2.4.4 UMHVERFISMAT ÁÆTLUNARINNAR, VINNULAG

Við endurskoðun aðalskipulagsins hefur stefna hvers landnotkunarflokks skipulagsins verið metin út frá tilgreindum umhverfisþáttum og viðmiðum í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. Einnig er mat lagt á breytingar sem endurskoðað skipulag felur í sér. Helstu áherslur við gerð skipulagsins

2.5 HELSTU ÁHERSLUR VIÐ GERÐ SKIPULAGSINS

2.5.1 ALMENN ATRIÐI

Sett verði fram skýrari ákvæði í aðalskipulag á þeim landnotkunarreitum þar sem stefna hefur verið ákvörðuð.

2.5.2 BYGGÐAMYNSTUR

- Í deiliskipulagi nýrra íbúðarsvæða verði áhersla lögð á fjölbreytni í húsagerð og byggingu lítilla og meðalstórra íbúða.
- Í deiliskipulagsvinnu verði lögð áhersla á sjálfbærni með áherslu á vistvænar samgöngur.

2.5.3 SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Stefnt er að háhraða internettengingu.
- Áhersla á hraðatakmarkanir um þjóðvegi í þéttbýli.

- Efla almenningssamgöngur milli byggðarkjarna.

2.5.4 UMHVERFI

- Viðhalda og efla græn svæði í sveitarfélaginu og gera þau álitlegri til afþreyingar og útivistar.
- Bæta ásýnd óásjálegra mannvirkja.

2.5.5 LOFTSLAG OG LOFTSLAGSBREYTINGAR

- Stefnumið og ákvarðanir sveitarfélagsins verði teknar með loftslagsbreytingar og viðnámsþrótt byggðar og samfélags í huga.

2.6 FORSENDUR

Gerð er grein fyrir helstu forsendum í heftinu *Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032 – forsendur*. Ágrip af helstu forsendum er í upphafi hvers kafla um landnotkun þar sem það á við.

2.7 MEGINATRIÐI AÐALSKIPULAGSTILLÖGU

Endurskoðuðu aðalskipulagi er ætlað að vera aðgengilegt og notadrjúgt stjórntæki fyrir þróun byggðar og afgreiðslu skipulagsmála í sveitarfélaginu.

2.7.1 HELSTU BREYTINGAR FRÁ GILDANDI AÐALSKIPULAGI

Í kafla 5 er fjallað nánar um breytingar frá gildandi aðalskipulagi.

- Framsetning aðalskipulagsins er samkvæmt nýrri skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og er litanotkun og línugerðir því að mörgu leyti frábrugðin eldri skipulagsgögnum.
- Skýrari skipting landnotkunarflokka og skilmála hvers landnotkunarreits.
- Frístundabyggð F12 er felld út (í Hólsdal).
- Frístundabyggð F13 er felld út (í Hólsdal/Skarðsdal).
- Efnislosunarsvæði E8 er fellt út (Ólafsfjörður).
- Efnislosunarsvæði E9 er fellt út (Ólafsfjörður).
- Landfylling L1 fyrir verslun og þjónustu í Ólafsfjarðarvatni er felld út.
- Landfylling L2 fyrir hafnarsvæði norðan Þormóðseyrar er felld út.
- Landfylling L4 fyrir hafnarsvæði norðan Leirutanga er felld út.
- Tengibraut meðfram hafnarsvæði á Þormóðseyri og austan byggðar við Hvanneyrargötu á Siglufirði er felld út.
- Ný efnislosunarsvæði eru færð inn.
- Ný landfylling og athafnasvæði norðan hafnarsvæðis í Ólafsfirði.

3 LANDNOTKUN

3.1 ALMENN ATRIÐI

Í þessum kafla er umfjöllun um alla landnotkunarreiti aðalskipulagsins. Ákvæði eru þrenns konar:

- Almenn ákvæði óháð landnotkun, kafli 2.2.
- Almenn ákvæði um hvern landnotkunarflokk.
- Sérákvæði um landnotkunarreiti.

Gerð er grein fyrir landnotkun, flatarmáli, stöðu, staðháttum eða núverandi notkun og loks skipulagsákvæðum viðkomandi reits.

3.1.1 AFMÖRKUN LANDNOTKUNARREITA OG NÁKVÆMNI

Afmörkun landnotkunarreita aðakipulagsins miðast við meginatriði, svæði og heildir en ekki nákvæma útfærslu eða lóða- og eignamörk. Nákvæm útfærsla einstakra þátta er viðfangsefni deiliskipulags og framkvæmdaáætlana eftir því sem við á.

Flatarmál landnotkunarreita er brúttóflatarmál sem felur í sér innra gatnakerfi og opin svæði. Nýtingarákvæði aðalskipulags ber að skoða í því ljósi. Í deiliskipulagi getur nýtingarhlutfall einstakra byggðarreita og svæða innan landnotkunarreits verið annað en tilgreint er í aðalskipulagi þar sem miðað er við meðaltal og brúttóflatarmál reita.

Landnotkunarreitir eru auðkenndir með númeri og bókstaf. Númer reits verður óbreytt þótt landnotkun verði breytt. Reitanúmer segja því til um legu reita:

- 100 Dreifbýli
- 200 Siglufjörður
- 300 Ólafsfjörður
- 400 Verndarsvæði og sérákvæði eru merkt á sama hátt en slík svæði geta legið ofan á annarri landnotkun.

Landnotkun (litur) og merking reita tekur mið af meginlandnotkun viðkomandi reits. Ákveðið svigrúm getur verið fyrir aðra starfsemi innan þeirra bæði í samræmi við almenna skilmála og sérstaka skilmála einstakra reita. Í deiliskipulagi er kveðið nánar á um notkun og nýtingu einstakra lóða og gerð grein fyrir opnum svæðum, leiksvæðum, útivistarsvæðum, gatnakerfi og stígum.

Þau svæði sem ekki eru sérmerkt með númeri og bókstaf eru opin svæði innan byggðar sem ekki hafa sérákvæði, óbyggð svæði ofan byggðar og helgunarsvæði stofnbrauta. Um þessi svæði gilda almennir skilmálar fyrir opin svæði.

3.1.2 ÞÉTTBÝLISMÖRK

Á þéttbýlisuppdrætti eru dregin mörk þéttbýlis í Siglufirði og Ólafsfirði. Mörkin sýna í grófum dráttum það svæði sem ætla má að verði nýtt undir þéttbýli og útvist í grennd við byggð á skipulagstímanum.

Innan þéttbýlismarka er miðað við að fjarlægð mannvirkja frá þjóðvegum megi vera minni en samkvæmt meginreglu í VI kafla vegalaga nr. 80/2007. Þá geta mannvirki einnig verið nær vatns- og árbökkum en almennt er miðað við að öðru leyti. Á sveitarfélagsuppdrætti eru þéttbýli Fjallabyggðar merkt með einum litafleti innan þéttbýlismarka.

3.1.3 LANDNÝTING, ÞÉTTLEIKI BYGGÐAR

Landnýting er skilgreind í aðalskipulaginu, ýmist með nýtingarhlutfalli eða reikningsstærðum s.s. fjölda íbúða á flatareiningu (íb/ha, fjöldi íbúða á hektara) eftir því sem við á. Nýtingarhlutfall er hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á viðkomandi svæði og flatarmáls svæðisins (N-brúttó) eða brúttóflatarmáls bygginga og flatarmáls lóðar (N-nettó).

Byggðamynstur reita er tilgreint þar sem það á við, t.d. með vísun í húsagerðir og hæðir bygginga.

3.1.4 SAMHENGI AÐALSKIPULAGS OG DEILISKIPULAGS

Aðalskipulagið er stefnumarkandi um aðalatriði en umhverfismótunin felst í deiliskipulagi einstakra svæða. Þess vegna er lögð áhersla á að skipulag byggðar, ákvörðun um þéttleika og yfirbragð verði unnið á deiliskipulagsstigi í samráði við íbúa og hagsmunaaðila. Meginatriði byggðamynsturs og yfirbragðs verða þannig í aðalskipulagi en útfærsla og ákvörðun um þéttleika og íbúðafjölda í deiliskipulagi.

Útfærsla einstakra reita og minni háttar frávik eiga því ekki að leiða til stöðugra breytinga á aðalskipulagi eins og hætta er á ef nýtingarákvæði aðalskipulags eru of nákvæm.

Meginregla um framlagningu lýsingar vegna deiliskipulagsgerðar kemur í stað nákvæmra skilmála um nýtingarhlutfall í aðalskipulagi. Ekki er þörf á skipulagslýsingu við minni háttar verkefni sem þar sem ákvæði um grenndarkynningu eiga við.

3.2 ALMENN ÁKVÆÐI

3.2.1 ALMENNAR GÆÐAKRÖFUR

Bæjarstjórn Fjallabyggðar leggur áherslu á vandaða hönnun bygginga í bæjarfélaginu. Stefnt skal að því að byggingar í Fjallabyggð geti talist góð byggingarlist hvað snertir innri gerð, form og útlit þar sem saman fara sjónarmið um hagkvæmni, notagildi og gæði. Hús skulu felld vel að landi og taka mið af staðháttum. Gæðamarkmið eiga við opinberar byggingar, íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Þessir þættir skulu metnir við afgreiðslu byggingarleyfa.

3.2.2 NÚVERANDI BYGGÐ

Í núverandi byggð eru svæðin mótuð og umhverfi frágengið. Lausar lóðir geta þó verið innanum eldri hús.

Núverandi staða er viðmið um yfirbragð byggðar.

Einstök frávik frá meginreglu koma til greina og skulu rökstudd með vísun í bæjarmynd, landslag, hagkvæmni og umhverfismál.

Heimilt verður að byggja á lausum lóðum að undangengnu deiliskipulagi.

Heimilt verður að endurnýja og endurbyggja eldri hús, byggja viðbyggingar og nýbyggingar s.s. bílskúra, þar sem aðstæður leyfa að undangenginni grenndarkynningu sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Meiriháttar breytingar á nýtingu og yfirbragði kalla á formlega breytingu á aðalskipulagi.

3.2.3 LAUSAR LÓÐIR/ÞÉTTING BYGGÐAR

Þétting byggðar getur átt sér stað í núverandi byggð með uppbyggingu á lausum lóðum. Unnið skal deiliskipulag fyrir hverfisheild, byggðareit eða götu áður en kemur til úthlutunar á lausum lóðum.

Heimilt er að úthluta íbúðarlóðum án deiliskipulags þar sem áður hefur staðið hús, enda er lóðin ennþá skráð í gögnum sveitarfélagsins. Stærð og yfirbragð nýrra húsa skal vera í samræmi við aðliggjandi byggð og uppfylla almennar gæðakröfur.

3.2.4 UPPBYGGING SAMKVÆMT DEILISKIPULAGI

Nákvæmt nýtingarhlutfall og byggðamynstur hefur verið eða verður ákveðið á deiliskipulagsstigi í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Á þeim landnotkunarreitum þar sem hvorki nýting né byggðamynstur er tilgreint í sérákvæðum aðalskipulagsins er þeim þáttum vísað á deiliskipulagsstig. Þá verður lögð fram lýsing deiliskipulagsgerðar í upphafi skipulagsvinnu þar sem áherslur og markmið um skipulag viðkomandi svæðis, t.d. um þéttleika og yfirbragð byggðar, eru skilgreind nánar. Með kynningu lýsingar hefst samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila um mótun og gerð deiliskipulags.

3.2.5 BÍLASTÆÐI

Ákvæði um bílastæði skulu sett í deiliskipulagi. Almenn regla er að a.m.k. tvö bílastæði verði innan lóðar hverrar íbúðar í sérbýlishúsum og rað-/parhúsum. Á fjölbýlishúsalóðum getur fjöldi bílastæða farið eftir stærð íbúða og skal viðmiðun sett fram í deiliskipulagi. Almennt skal miðað við eitt stæði fyrir hverja smáíbúð en tvö stæði fyrir stærri íbúðir í fjölbýlishúsum. Auk þess skal gera ráð fyrir hæfilegum fjölda gestabílastæða. Stefna ber að samnýtingu bílastæða þar sem aðstæður leyfa.

Í nýbyggingum og við endurbyggingu skal gert ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við hvert bílastæði, sbr. 6.7.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 m.s.br..

Almennt skal gera ráð fyrir að innkeyrslur á lóðir verði að hámarki 6-7 m breiðar þannig að ekki verði gengið á almenn bílastæði í götum og gangstéttir liggi ekki meðfram stórum bílastæðum. Bílastæði innan lóða skulu almennt ekki vera styttri en 7 m.

Bílastæðaþörf á atvinnusvæðum og verslunar- og þjónustusvæðum fer eftir þeirri starfsemi, sem þar fer fram. Almenn regla, þar sem ákvæði eru ekki fyrir hendi í deiliskipulagi, er að eitt bílastæði skuli vera fyrir hverja 50 m² atvinnuhúsnæðis, 10-35 m² verslunarhúsnæðis og 150 m² geymsluhúsnæðis.

3.2.6 SKILTI

Lögð er áhersla á að skilti og merkingar séu falleg og falli vel að umhverfi sínu. Með útliti og gerð þeirra skal leitast við að styrkja bæjarbrag og skapa staðaranda. Stærð þeirra og sýnileika skal stillt í hóf.

3.2.7 ÖNNUR ALMENN ÁKVÆÐI

Miða skal við að gólfkóti nýrra bygginga verði ekki undir 2,7 m.y.s.

Leita skal umsagnar siglingasviðs Vegagerðar við skipulagningu mannvirkja við strandir.

3.3 ÍBÚÐARBYGGÐ (ÍB)

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

3.3.1 MARKMIÐ

- *Stefnt er að þéttingu byggðar á skipulagstímabilinu.*
- *Vinna skal markvisst að því að deiliskipuleggja íbúðarhverfi í núverandi og eldri byggð m.a. til að skilgreina og varðveita hverfisheildir.*
  - → *Markvisst skal vinna deiliskipulag fyrir reiti þar sem það liggur ekki fyrir. Áhersla í upphafi verði lögð á svæði þar sem stendur til að byggja eða framkvæma.*
- *Uppbygging og þétting byggðar skal taka mið af umhverfi og náttúrulegum aðstæðum.*
  - → *Við skipulagningu nýrra hverfa, sem og eldri byggðar, skal tekið tillit til ofanflóðahættu, afstöðu sólar, ríkjandi vindátta og umhverfisverndar.*
  - → *Ný íbúðarsvæði skulu vera hönnuð með tilliti til landslagsheilda og veðurfars sem og góðra tenginga við þjónustustofnanir og miðsvæði, bæði fyrir akandi og gangandi vegfarendur.*
  - → *Bæta skal nýtingu íbúðarsvæða með því að úthluta lóðum innan núverandi svæða og stuðla að uppbyggingu á lausum lóðum innan þéttbýlanna.*
- *Áhersla skal vera á fjölskylduvænt samfélag.*
- *Í skipulagi nýrra íbúðarsvæða skal áhersla lögð á fjölbreyttar húsagerðir og litlar og meðalstórar íbúðir á skipulagstímabilinu.*

3.3.2 HELSTU FORSENDUR

Talsverð óvissa er í öllum íbúaspám þar sem gæti orðið áframhaldandi fólksfækkun, kyrrstaða eða viðsnúningur og fjölgun í kjöfar breyttra aðstæðna svo sem samgöngubóta eða atvinnuuppbyggingar. Ef tekið er mið af mannfjöldaspá Hagstofunnar fyrir landið allt og hún yfirfærð á Fjallabyggð má gera ráð fyrir að íbúar verði um 2.200 í lok skipulagstímabilsins eða fjölgun um 200 manns. Sú tala er notuð sem viðmiðun við mat á landþörf og öðrum þáttum skipulagsins.

Í aðalskipulagi Fjallabyggðar þarf að vera svigrúm fyrir byggingu a.m.k. 140 íbúða á skipulagstímabilinu. Eðlilegt er að hafa svigrúm fyrir fleiri íbúðir bæði til þess að hafa viðbúnað við óvæntri eða ófyrirséðri þróun og vegna þess að staðhættir kalla á að aðalskipulagið sýni fullbyggða bæi innan þéttbýlismarka. Skipulagið sýnir þannig fullnýtingu lands innan núverandi marka óháð því hversu langan tíma sú uppbygging tekur.

Skv. tillögu að skipulagi er gert ráð fyrir:

- 63-79 nýjum íbúðum á Siglufirði
- 95-151 nýrri íbúð í Ólafsfirði
- Samtals 158-230 íbúðir.

Miðað við aldurssamsetningu sveitarfélagsins, íbúafjölda í hverri íbúð og fjölda og stærð einbýlishúsa má gera ráð fyrir að þörf verði fyrir litlar og meðalstórar íbúðir í rað-, par- og fjölbýlishúsum á skipulagstímabilinu.

Þéttleiki í núverandi byggð eru 12 íbúðir á hektara (íb/ha) og er þar miðað við brúttóflatarmál landnotkunarreita (að miðlínum aðliggjandi gatna og með götum og opnum svæðum innan hverfanna).

Áhersla verður lögð á að þétta byggð á núverandi íbúðarsvæðum og miðsvæðum þar sem víða er að finna lausar lóðir.

Með þéttingu byggðar er stuðlað að hagkvæmari landnýtingu, bættri nýtingu grunnkerfa eins og veitukerfis og gatnakerfis og bættum tengslum á milli íbúðahverfa og atvinnu- og þjónustusvæða. Það ýtir einnig undir umhverfisvænni og heilsusamlegri lífsstíl þar sem fjarlægðir henta vel gangandi og hjólandi umferð auk þess sem þétt byggð getur aukið samfélagskennd íbúa.

Forsendur fyrir frekari uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu eru byggðar á auknum atvinnumöguleikum s.s. í sjávarútvegi, annarri hafnsækinni starfsemi og ferðaþjónustu. Einnig munu bættar samgöngur með tilkomu jarðganga bæta öryggi og þægindi íbúa sem leiðir til bættra búsetukosta.

3.3.3 ALMENN ÁKVÆÐI

Íbúðarsvæði eru í aðalskipulagi sýnd sem heildir sem afmarkast af aðliggjandi götum og opnum svæðum. Innan þeirra eru opin svæði, leiksvæði, útivistarsvæði og jaðarsvæði sem sýnd eru nánar í deiliskipulagi. Íbúðarbyggð er meginlandnotkun á íbúðarsvæðum en þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa svæðisins, s.s. leikskólum, verslunum, þjónustustarfsemi og annarri atvinnustarfsemi sem hvorki veldur óþægindum t.d. vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dregur að sér óeðlilega mikla umferð. Umfang og staðsetningu slíkrar starfsemi þarf því ekki að skilgreina í aðalskipulagi en hún skal vera í samræmi við deiliskipulag.

Leitast er við að þéttleiki og húsagerð taki mið af og bæti núverandi ásýnd bæjanna og ekki verði sköpuð ný áberandi kennileiti nema í samráði við bæjarbúa. Ný byggð skal einnig taka mið af landslagi og aðliggjandi náttúru þannig að sjónrænar heildir verði styrktar og þeim ekki raskað meira en þörf krefur.

3.3.4 SÉRÁKVÆÐI, SIGLUFJÖRÐUR

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
203 ÍB	15,1	Byggð norðan Þormóðsgötu	Byggð einkennist af tvílyftum húsum, bæði timbur og steinsteypu. Mest er um einbýlishús en tvíbýli og lítil fjölbýlishús eru innanum. Húsin eru byggð á löngum tíma, allt frá 1912 til 2011. Lausar lóðir inn á milli.	Landrými fyrir 9 nýjar lóðir. 9-15 íbúðir. Einbýlishús eða lítil fjölbýlishús. Sjá ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.
206 ÍB	7,2	Byggð milli Þormóðsgötu og Skriðustígs	Byggð einkennist af tvílyftum húsum, bæði timbur og steinsteypu. Húsin eru flest byggð á fyrri hluta síðustu aldar. Laus lóð inn á milli.	Landrými fyrir 1 nýja lóð. Einbýlishús. Sjá ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.
207 ÍB	1,2	Malarvöllur	Deiliskipulag í gildi. Óbyggt. Malarvöllur.	Landrými fyrir 7 nýjar lóðir, 28 íbúðir. Einbýlis- og fjölbýlishús. 1-2 hæðir.
224 ÍB	21,4	Sunnan Skriðustígs	Byggð einkennist af tvílyftum húsum, bæði timbur og steinsteypu. Húsin eru byggð á löngum tíma, allt frá 1898 til 2011. Flest þó á milli 1960-1980. Nokkuð um parhús og raðhús og stöku fjölbýlishús, allt að þrjár hæðir. Lausar lóðir inn á milli. Deiliskipulag í gildi fyrir Eyrarflöt.	Landrými fyrir 15 ný einbýlishús eða lítil fjölbýli og 3 par-/raðhús. 25-35 íbúðir. Sjá ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.

3.3.5 SÉRÁKVÆÐI, ÓLAFSFJÖRÐUR

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
306 ÍB	9,7	Brekkan	Byggð einkennist af tveggja hæða brekkuhúsum. Húsin eru byggð á löngum tíma, allt frá 1924 til 1993. Lausar lóðir inn á milli.	Landrými fyrir 13 nýjar einbýlishúsalóðir. 1-2 hæðir. Sjá ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.
311 ÍB	1,5	Sunnan ósa	Óbyggt. Svæðið geti nýst fyrir matjurtagarða þar til það byggist.	Fjölbýlishús. 2-4 hæðir. 30-60 íb/ha. (45-90 íbúðir) Uppbygging skv. deiliskipulagi sjá ákvæði kafla 3.2.4.
312 ÍB	4,6	Ólafsvegur, Ægisgata og norðan Aðalgötu.	Íbúðarhús byggð á tímabilinu 1966-1982. Einnar hæðar raðhús við Aðalgötu. Tveggja hæðar raðhús við Ægisgötu. Við Ólafsveg eru einbýlishús með háu risi og tveggja og þriggja hæða fjölbýlishús. Leikskólinn Leikhólar er á reitnum. Lausar lóðir inn á milli.	Landrými fyrir 2 nýjar lóðir, einbýlishús og par-/raðhús, 3-4 íbúðir. Sjá ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.
313 ÍB	2,6	Norðan Aðalgötu, Gunnólfsgata og Ólafsvegur	Íbúðarhús byggð á tímabilinu 1966-1979. Byggð einkennist af einni hæð ýmist með án risi. Fullbyggt.	Sjá ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.
318 ÍB	0,4	Sunnan Aðalgötu, milli Ægisgötu og Tjarnarstígs.	Fullbyggt.	Sjá ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.
319 ÍB	0,7	Tún milli Ægisgötu og Hrannarbyggðar.	Óbyggt.	Raðhús og/eða fjölbýlishús. 1-2 hæðir. 15-30 íb/ha. (11-21 íbúð). Uppbygging skv. deiliskipulagi sjá ákvæði kafla 3.2.4.
320 ÍB	11,2	Flæðar: Ægisbyggð, Hrannarbyggð, Bylgjubyggð, Mararbyggð, Bakkabyggð	Íbúðarhús byggð á tímabilinu 1968-1994. Byggð einkennist af einnar hæðar einbýlis- og raðhúsum. Deiliskipulag í gildi. Lausar lóðir inn á milli.	Landrými fyrir 23 ný einbýlishús á einni hæð. Sjá ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.

3.4 MIÐSVÆÐI (M)

Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótel, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

3.4.1 MARKMIÐ

- *Miðsvæðin halda áfram að eflast sem miðstöð menningar, stjórnsýslu, viðskipta og sérvöruverslunar.*
- *Breyta bæjarmynd í Ólafsfirði með mótun miðbæjarumhverfis.*
  - → *Beina þjónustu á aðalgötuna og fá lifandi jarðhæð.*
  - → *Torgmyndun framan við þjónustustarfsemi.*
- *Ferðaþjónusta verði efld og fjölbreytni aukin.*
  - → *Gott samgöngukerfi á milli byggðarkjarnanna mun efla samgang, viðskipti og þjónustu í sveitarfélaginu.*

3.4.2 ALMENN ÁKVÆÐI

Gert er ráð fyrir að þjónusta og starfsemi sveitarfélagsins sé í miðbænum, ásamt fjölþættri annarri þjónustu, verslun, menningu og afþreyingu fyrir bæjarbúa. Íbúðarbyggð er einnig á miðsvæðum og er blönduð byggð möguleg. Þá er átt við að leyfilegt er t.d. að vera með starfsemi á jarðhæð og íbúð á efri hæð. Við uppbyggingu miðbæjar er stefnt að skjólgóðri byggð með bæjareinkennum og bæjarbrag.

3.4.3 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
212 M	2	Vestan Suðurgötu og Túngötu	Verslun og þjónusta í bland við íbúðabyggð. Laus lóð inn á milli.	1 laus lóð er á reitnum. Sjá ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.
213 M	0,9	Sunnan Gránugötu.	Veitingahús, þjónustustarfsemi og almenningsgarður. Deiliskipulag í gildi. Fullbyggt.	Sjá ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.
214 M	7,4	Hluti Eyrarinnar: Gránugata, Aðalgata, Eyrargata, Norðurgata, Grundargata, Lækjargata, Suðurgata og Túngata að Þormóðsgötu.	Eyrin er elsti bæjarhlutinn og einkennist af samsíða gatnaneti byggðu á skipulagi sr. Bjarna Þorsteinssonar frá 1918. Hús eru ýmiskonar. Allt frá litlum timburhúsum alþýðufólks til fjögurra hæða steinsteypuklassíkur. Flest eru byggð á síldarárunum eða frá 1887 til 1960. Húsin standa almennt þétt við gangstéttar og afmarka göturýmið. Lausar lóðir inn á milli.	Margar eyður eru í byggðinni sem gefa kost á umtalsverðri þéttingu byggðar. Mikilvægt er að við þá uppbyggingu verði gætt að megineinkennum bæjarmyndarinnar, þ.e. að byggingar standi við götu, snúi framhlið að götu og myndi garðrými að húsabaki. Ekki verði höfð bílastæði milli gatna og húsa og forðast skal sérstök eða stór bílastæðasvæði innan lóða. Á endurbyggingarreitum á því ekki að setja aðkomuleiðir inn í miðja byggðareiti þannig að húsin snúi bakhlið að almannarýmum/götum. Sjá einnig ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
309 M	4,8	Sunnan Strandgötu, Kirkjuvegur, Vesturgata og norðan Ólafsvegar. Hluti Múlavegar.	Íbúðarhús byggð á tímabilinu 1920-1965. Hús 1-2 hæðir. Verslunarhúsnæði við Múlaveg/Aðalgötu. Félagsheimilið Tjarnarborg er innan reitsins. Fullbyggt.	Sjá ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.

3.5 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA (VÞ)

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitinga-húsum og skemmtistöðum.

3.5.1 MARKMIÐ

- *Að Siglufjörður og Ólafsfjörður verði eitt markaðssvæði.*

3.5.2 ALMENN ÁKVÆÐI

Undir verslunar- og þjónustusvæði í **dreifbýli** flokkast t.d. bensínstöðvar og umfangsmikil hótelstarfsemi. Uppbygging nýrrar starfsemi á þessu sviði, þ.e. hótela, gistiheimila og veitingareksturs, sem krefst stærri bygginga en 1.000 m² (heildarflatarmál bygginga, nýrra og gamalla, fyrir viðkomandi starfsemi), verður einungis á svæðum fyrir verslun og þjónustu. Leyfilegt er að vera með umfangsminni starfsemi sem stoðgrein við landbúnað á landbúnaðarsvæðum, sjá almenn ákvæði um landbúnaðarland í kafla 1.17.2.

3.5.3 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
137 VÞ	2,8	Við Ólafsfjarðarvatn	Reitur fyrir verslun og þjónustu.	Uppbygging skv. deiliskipulagi, sjá ákvæði kafla 3.2.4.
222 VÞ	0,6	Smábátahöfn	Hótel. Fullbyggt. Deiliskipulag í gildi.	
229 VÞ	0,6	Við Snorragötu á Leirutanga	Reitur fyrir verslun og þjónustu. Deiliskipulag í gildi.	
321 VÞ	0,5	Á horni Ægisgötu-Aðalgötu	Hótel Brimnes, verslun og eldsneytisstöð.	
324 VÞ	0,7	Hornbrekkubót	Bjálkahús byggð 1999-2000. Gistirekstur. Spennistöð við Bylgjubyggð.	

3.6 SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA (S)

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

3.6.1 MARKMIÐ

- *Tryggja skal landrými fyrir stofnanir sveitarfélagsins og samfélagsþjónustu sem er í samræmi við markmið og stefnu sveitarfélagsins í þeim málaflokkum.*

3.6.2 HELSTU FORSENDUR

Á skipulagstímabilinu mun hlutfall aldurshópa breytast þannig að æ stærri hluti íbúa verður á eftirlaunaaldri og hlutfall barna á skólaaldri lækkar. Sjá forsenduhefti.

3.6.3 ALMENN ÁKVÆÐI

Þjónustustofnanir og þjónustufyrirtæki geta verið á svæðum, sem skilgreind eru fyrir samfélagsþjónustu (S) en einnig í miðbæ (M). Minni stofnunum og þjónustufyrirtækjum, sérstaklega þeim sem þjóna viðkomandi svæði, má koma fyrir á íbúðarsvæðum sbr. heimildir um starfsemi innan íbúðarhverfa í kafla 1.4.2 án sérmerkingar í aðalskipulagi.

3.6.4 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
102 S		Sauðanes, Siglufjörður	Sauðanesviti	
124 S		Selvík, Siglufjörður	Selvíkurviti	
126 S		Siglunes	Siglunesviti	
130 S		Bík, Ólafsfjörður	Bíkurviti	
143 S		Hringver, Ólafsfjörður	Félagsheimili	
144 S		Kvíabekkur, Ólafsfjörður	Kvíabekkjarkirkja	
205 S	1,2	Hlíðarvegur	Skálarhlíð. Dvalarheimili aldraðra.	Sjá ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.
208 S	0,7	Brekkugata	Leikskólinn Leikskálar	
209 S	0,2	Lindargata	Sambýlið Siglufirði	
210 S	0,3	Lindargata	Siglufjarðarkirkja	
215 S	0,6	Norðurgata	Grunnskóli Fjallabyggðar. Grunnskóli fyrir 1.-5. bekk. Deiliskipulag í gildi.	
223 S	3,4	Snorragata	Síldarminjasafn og slökkvistöð. Deiliskipulag í gildi.	
322 S	2,8	Tjarnarstígur	Grunnskóli Fjallabyggðar og Menntaskólinn á Tröllaskaga. Grunnskóli fyrir 6.-10. bekk og framhaldsskóli.	
327 S	2,3	Hornbrekka	Hornbrekka. Dvalarheimili aldraðra. Deiliskipulag í gildi.	

3.7 ATHAFNASVÆÐI (AT)

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaiðnaður.

3.7.1 MARKMIÐ

- *Athafnasvæði Fjallabyggðar séu eftirsóknarverð fyrir atvinnurekendur með góðri tengingu við hafnir og samgönguæðar.*

  → *Fjölbreytt úrval athafnalóða fyrir mismunandi gerðir fyrirtækja verði til úthlutunar.*

- *Áhersla á góðar umhverfis- og starfsmannaaðstæður þannig að fyrirtæki sjái sér hag af að vera með atvinnurekstur í sveitarfélaginu.*

  → *Áhersla á gott grunnkerfi, umhverfismál og fjölskyldugildi.*

3.7.2 ALMENN ÁKVÆÐI

Auk atvinnustarfsemi á sérmerktum athafnasvæðum eru almennar heimildir fyrir atvinnustarfsemi á öðrum landnotkunarreitum, þar á meðal íbúðarsvæðum innan þeirra skilmála sem settir eru. Gera skal nánari grein fyrir heimildum fyrir atvinnustarfsemi á öðrum svæðum í deiliskipulagi þeirra.

3.7.3 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
216 AT	11	Norðausturhluti Eyrarinnar	Ýmiskonar athafnastarfsemi, s.s. rækjuverksmiðja, bruggverksmiðja, bílaverkstæði og gámasvæði. Deiliskipulag í gildi.	
217 AT	1,7	Suðurhluti Eyrarinnar	Ýmiskonar athafnastarfsemi, s.s. lyfjaframleiðsla, verkstæði og iðnaðareldhús.	Verslun og þjónusta tengd hafnarstarfsemi er leyfileg t.d. sala á fiskiafurðum.
218 AT	2,6	Suðurhluti Eyrarinnar	Ýmiskonar athafnastarfsemi, s.s. frystihús, gamall slippur og verslun.	
219 AT	0,9	Austurhluti Eyrarinnar	Athafnastarfsemi. Deiliskipulag í gildi.	
226 AT	1,5	Vesturtangi	Ýmiskonar athafnastarfsemi. Deiliskipulag í gildi. 1 laus lóð er á reitnum.	
228 AT	0,4	Egilstangi	Steypustöð. Deiliskipulag í gildi.	
302 AT	10,7	Námuvegur	Ýmiskonar athafnastarfsemi. 3,7 ha landfylling er skilgreind innan reitsins.	Uppbygging skv. deiliskipulagi, sjá ákvæði kafla 3.2.4.
304 AT	1,2		Framleiðsla á vélum.	Uppbygging skv. deiliskipulagi, sjá ákvæði kafla 3.2.4.
306 AT	0,3	Múlavegur	Bílskúrar og vélageymslur	
308 AT	4,6	Hafnarsvæðið	Ýmiskonar athafnastarfsemi sem tengist helst útgerð. Lausar lóðir inn á milli.	

3.8 IÐNAÐARSVÆÐI, VEITUMANNVIRKI (I)

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

3.8.1 MARKMIÐ

- *Áhersla á að lágmarka allan úrgang og minnka umfang sorps til urðunar enn frekar.*
  - → *Stefnt er að því að auka flokkun, endurnýtingu og endurvinnslu í sveitarfélaginu.*
  - → *Áfram verði unnið markvisst að bættum lausnum fyrir sveitafélagið.*
- *Uppfylla skal losunarmarkmið reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 sem felur í sér að draga eins og unnt er úr myndun úrgangs og stefna að endurnotkun og –nýtingu eins og kostur er. Einnig skal bestu fáanlegu tækni beitt við meðhöndlun úrgangs.*
  - → *Stefnt er að því að allt sorp verði flokkað og það meðhöndlað með fullnægjandi hætti. Ekkert sorp verði urðað.*
- *Ekki verður urðunarstaður fyrir sorp innan sveitarfélagsins.*
- *Óvirkum úrgangi verði fundinn urðunarstaður.*

3.8.2 ALMENN ÁKVÆÐI

Á skilgreindum iðnaðarsvæðum í sveitarfélaginu eru m.a. heitavatnsborholur, endurvarps-, raf- og spennistöðvar. Iðnfyrirtæki í sveitarfélaginu eru á athafnasvæðum, þar sem þau hafa ekki neikvæð áhrif á umhverfi sitt með mengun eða hávaða.

Veitumannvirki svo sem minni háttar dælustöðvar, fjarskiptamannvirki og spennistöðvar innan þéttbýlis eru skilgreindar í deiliskipulagi viðkomandi svæða og eru ekki merkt sérstaklega á aðalskipulags-uppdrætti. Slík mannvirki skulu vera lágreist og felld vel að landi og umhverfi, jafnvel niðurgrafin að hluta þar sem aðstæður leyfa.

Leyfilegt er að setja upp grenndargáma á öllum landnotkunarreitum enda verði þeir lokanlegir svo engin hætta sé á því að sorp fjúki og engin hætta verði á að þeir hafi í för með sér lyktarmengun.

3.8.3 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
104 I		Hvanneyrarskál	Endurvarpsstöð	
107 I		Skarðsdalur, Siglufjörður	Heitavatnsborhola	
111 I		Við Fjarðará í mynni Hólsdals, Siglufjörður	Vatnsdælustöð	
123 I		Skútudalur, Siglufjörður	Heitavatnsborhola	
138 I		Ósbrekka, Ólafsfjörður	Heitavatnsborhola	
140 I		Garður, Ólafsfjörður	Garðsárvirkjun, 180 kW fallvatnsvirkjun. Tekin í notkun 1942.	

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
152 I		Burstabrekkudalur, Ólafsfjörður	Kerahnjúkavirkjun, 740 kW fallvatnsvirkjun. Tekin í notkun 2004.	
153 I		Burstabrekka, Ólafsfjörður	Kerahnjúkavirkjun, 740 kW fallvatnsvirkjun. Tekin í notkun 2004.	
154 I		Hlíð, Ólafsfjörður	Spennistöð	
158 I		Undir Tindaöxl	Kaldavatnstankur	
231 I	0,1	Ofan við Hafnar- og Skriðurípil	Hitaveitutankur	
232 I	0,2	Neðan við Hlíðarrípil	Kaldavatnstankur	

3.9 EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI (E)

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda. (gr. 6.2.g. í skipulagsreglugerð).

3.9.1 MARKMIÐ

- *Áhersla á góða umgengni í námum og á efnislosunarsvæðum.*
- *Svæði sem eru fullnýtt eða ekki fyrirhugað að nýta skal gengið frá og þau grædd upp.*
- *Auka skal landrými fyrir aukna athafnastarfsemi með landfyllingum.*
  - → *Landfyllingarefni komi úr fyrirhuguðum jarðgöngum, s.s. Fljótagöngum og Ólafsfjarðargöngum. Nýjar landfyllingar falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.*
  - → *Vinna skal athuganir og rannsóknir tengdar umhverfisáhrifum landfyllinga. Landnýtingaráætlun og umhverfismat á fyllingunum verði unnin samhliða umhverfismati jarðganga til að stuðla að því að umhverfisáhrif einnar framkvæmdar geti vegið upp áhrif annarrar.*

3.9.2 ALMENNT

Vegna umfangsmikilla áforma um frekari gangnagerð á skipulagstímabilinu er nauðsynlegt að gera ráð fyrir hvar koma megi efni úr jarðgöngum best fyrir. Jarðgöng eru mikilvægar efnisnámur, sem ekki hafa nein áhrif á landslag önnur en þau sem fylgja tímabundinni haugsetningu efnis. Stóran hluta þess má nýta til uppfyllingar og vegagerðar en líklegt er að eitthvað umframefni þurfi að haugsetja og geyma. Engar forrannsóknir hafa farið fram og eru því allar tölur í þessum kafla byggðar á reynslu við gerð annarra ganga.

Áætla má að allt að 300.000 m³ af efni komi frá fyrirhuguðum Fljótagöngum. Helmingi efnisins verður ekið út Siglufjarðarmegin eða um 150.000 m³. Gera má ráð fyrir að hluti efnisins verði nýttur til vegagerðar í Hólsdal vegna ganganna en umframefni gæti verið haugsett og geymt til síðari nota.

Gera má ráð fyrir að um 500.000 m³ komi til við borun Ólafsfjarðarganga og að 250.000 m³ eða helmingi efnisins verði ekið út Ólafsfjarðarmegin. Hluti þess yrði nýttur til vegagerðar og tilheyrandi þátta. Þá mun stór hluti umframefnis geta nýst til landfyllinga. Gert er ráð fyrir að efnislosunarsvæði verði fundinn staður þegar og ef á þarf að halda.

Gert er ráð fyrir landfyllingu norðan við höfnina í Ólafsfirði.

3.9.3 ALMENN ÁKVÆÐI

Öll efnistaka á landi, úr botni vatnsfalla og stöðuvatna og úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Landeigendum eða umráðamönnum eignarlanda er heimil minni háttar efnistaka til eigin nota nema á verndarsvæðum eða um sé að ræða jarðminjar og vistkerfi sem njóta eiga verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Efnistaka flokkast sem minni háttar sé hún undir viðmiðunarmörkum í lið 2.04 í 1. viðauka um lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, þ.e. minni en 25.000 m² eða 50.000 m³.

Efnistökusvæði skal ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár. Bæjarstjórn getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda séu sérstakar ástæður fyrir tímabundinni stöðvun sbr. 4. mgr. 16. skipulagslaga nr. 123/2010. Eðlilegt er að námur sem notaðar eru til viðhalds mannvirkja á löngum tíma standi opnar lengur og skal þá sérstaklega hugað að viðeigandi frágangi.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar (flokkur B í 1. viðauka laganna, liðir 2.02 og 2.03) ef:

- það er innan verndarsvæðis
- áætlað er að raska 25.000 m² eða stærra
- efnismagn er 50.000 m³ eða meira.

Stærri framkvæmdir eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum en minni framkvæmdir skal tilkynna til sveitarfélags sem metur hvort um sé að ræða framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum (flokkur C sbr. lið 1.07 í 1. viðauka laganna).

Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skal gefið út til tiltekins tíma og skal í leyfinu gerð grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt því, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi samþykkt aðalskipulag sem framangreindir aðilar hafa gefið umsögn sína um.

Við val á staðsetningu nýrra efnistöku-/efnislosunarsvæða skal:

a. taka tillit til þekktra fornminja. Efnistaka eða –losun skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum en 100 m og 25 m frá öðrum minjum. Tryggt verði eðlilegt aðgengi að minjastöðum.
b. taka tillit til sérstakra jarðmyndana og vistkerfa s.s.:
    - náttúrulegra birkiskóga og leifa þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.
    - náttúrulegs bakkagróðurs við ár og stöðuvötn.
c. forðast verndarsvæði og sérstök náttúruvætti.
d. huga að landslagi og mögulegri ásýnd námusvæðis á/eftir vinnslutíma.

Að vinnslutíma loknum skal haga landmótun, uppgræðslu og vistheimt á viðeigandi hátt og í samræmi við nútímakröfur. Ummerki efnistöku skulu verða eins lítil og kostur er og því hverfa með tímanum ef vel tekst til.

3.9.4 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
103 E		Norðan Selgils, Siglufjörður	Storkubergsnáma á vegum Vegagerðarinnar. Gosberg.	
117 E		Austan og norðan við fyrirhugaðan gangnamunna í Hólsdal, Siglufjörður	Efnislosunarsvæði vegna fyrirhugaðra ganga.	Gert er ráð fyrir allt að 150.000 m³ efnislosun. Framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
134 E		Vestan Óss, Ólafsfjörður	Fyrrum efnislosunarsvæði. Nú eingöngu nýtt til efnistöku og verður lokað þegar efnið er uppurið.	
136 E		Vestan Óss, Ólafsfjörður	Setnáma á vegum Vegagerðarinnar. Sandur.	
141 E		Garðsnáma undir Þóroddsstaðafjalli, Ólafsfjörður	Storkubergsnáma á vegum Vegagerðarinnar. Gosberg.	
149 E		Lágheiði, Ólafsjörður	Setnáma á vegum Vegagerðarinnar. Jökulruðningur.	
151 E		Ólafsfjaðará við Bakka, Ólafsfjörður	Setnáma á vegum Vegagerðarinnar. Stórgrýtt möl.	

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
159 E	1,3	Ofan Hlíðarvegar	Í notkun. Efnistöku- og efnislosunarsvæði.	Leyfilegt er að losa óvirkan úrgang til uppfyllingar við frágang námu.
160 E	1,4	Við gamla Múlaveg.	Í notkun. Efnislosunarsvæði.	
163 E	1,0	Skarðsdalur, Siglufjörður	Efnistökusvæði til framkvæmda við nýjan veg og bílastæði í Skarðsdal.	Gert er ráð fyrir 28.000 m³ efnistöku. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til sveitarfélags sbr. lið 2.04 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
164 E		Hóll, Ólafsfjörður	Setnáma á vegum Vegagerðarinnar. Jökulruðningur.	
165 E		Fjarðará, Ólafsfjörður	Setnáma á vegum Vegagerðarinnar. Möl.	
166 E		Kálfsáreyrar, Ólafsfjörður	Setnáma á vegum Vegagerðarinnar. Möl.	
167 E		Keila innan Ólafsfjarðar	Setnáma á vegum Vegagerðarinnar.	
234 E	1,5	Austurhluti Þormóðseyrar	Landfylling fyrir athafna- og hafnarstarfsemi.	
328 E	3,7	Norðan við Norðurgarð í Austurhöfn og vestan við Námuveg.	Landfylling fyrir athafna- og hafnarstarfsemi. Efnislosun vegna fyrirhugaðra ganga.	Gert er ráð fyrir 255.000 m³ efnislosun/landfyllingu. Framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

3.10 FRÍSTUNDABYGGÐ (F)

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum. (gr. 6.2.h. í skipulagsreglugerð).

3.10.1 MARKMIÐ

- *Við skipulag og uppbyggingu frístundabyggðar í Fjallabyggð skal tekið tillit til ofanflóða-hættu, náttúruverndar og fornleifaverndar.*
  - → *Við deiliskipulagsgerð frístundabyggðanna skal tekið mið af því að raska ekki viðkvæmum svæðum og þéttleiki byggðar taki m.a. mið af náttúru og landslagi viðkomandi svæðis.*
  - → *Þar sem deiliskipulag er ekki fyrir hendi skal stefnt að því að ljúka gerð deiliskipulags. Ef fyrirhuguð er uppbygging á eldri frístundasvæðum er hún háð því að unnið verði deiliskipulag fyrir viðkomandi byggð. Framkvæmdaleyfi þarf til lagningar vega eða slóða, þó svo að um eignaland sé að ræða.*

3.10.2 ALMENN ÁKVÆÐI

Ný stök frístundahús og svæði með þremur frístundahúsum eða færri eru ekki sýnd á skipulags-uppdrætti. Nokkur stök frístundahús eru í sveitarfélaginu. Fjallað erum ákvæði stakra frístundahúsa í kafla 2.17 um landbúnaðarsvæði.

Nýjar frístundabyggðir með fjórum húsum eða fleiri eru deiliskipulagsskyldar þar sem kveða skal á um þéttleika byggðar, fjölda og stærð lóða og aðkomu að þeim. Jafnframt skal setja skilmála um stærð og gerð húsa, efnisnotkun og litaval eftir því sem við á. Á nýjum svæðum skulu lóðir að lágmarki vera 0,25 ha.

Innan svæða fyrir frístundabyggð geta verið þjónustumiðstöðvar og smáverslanir sem þjóna viðkomandi svæði.

Við val á staðsetningu nýrra frístundahúsa/-byggða skal:

- ekki vera nær vatnsföllum og vötnum en 50 m
- ekki afmarka lóðir yfir göngu- og reiðleiðir, hvorki fornar né nýjar
- taka mið af flokkun landbúnaðarlands sbr. kafla 3.17 um landbúnaðarsvæði
- taka mið af ákvæðum í kafla 5.2 um náttúruvá

3.10.3 ALMENN ÁKVÆÐI UM FRÍSTUNDABYGGÐ Á KLEIFUM

Ný frístundabyggð skal taka mið af sérkennum og yfirbragði byggðarinnar og styrkja það búsetuumhverfi sem þróast hefur á svæðinu. Húsin skulu vera í þyrpingum á jöðrum túna og/eða við aðkomuvegi. Lóðir skulu vera að hámarki 1.300 m² og skipulagðar þannig að opið land (tún) verði á milli húsa/lóða. Ný hús mega vera nútímaleg en þau skulu taka mið af eldri húsum á svæðinu í formi, efnisvali og litavali þannig að þau bæti og styrki heildarmynd byggðarinnar í samræmi við markmið hverfisverndar. Hús skulu vera með mænisþaki. Fráveita skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

3.10.4 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
121 F	17,8	Saurbæjarás, Siglufjörður	7 frístundahús. Deiliskipulag í gildi.	Allt að 27 frístundahús.
125 F	70,4	Siglunes	2 frístundahús, fiskverkunarhús og geymsla. Eyðijörð.	

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
131 F	4	Kleifar, Ólafsfjörður	3 frístundahús, tún, opið land. Deiliskipulag í gildi.	Allt að 16 frístundahús. Eitt hreinsivirki skal vera fyrir svæðið eða sameiginleg með svæði 131 F.
132 F	3,7	Kleifar, Ólafsfjörður	4 frístundahús, tún.	Allt að 12 frístundahús. Eitt hreinsivirki skal vera fyrir svæðið eða sameiginleg með svæði 132 F.
142 F		Auðnir, Ólafsfjörður	2 frístundahús.	Allt að 4 frístundahús.
146 F	30,8	Þverá, Ólafsfjörður	7 frístundahús. Deiliskipulag í gildi.	Allt að 24 frístundahús.
147 F	9	Reykir, Ólafsfjörður	4 frístundahús. Deiliskipulag í gildi.	Allt að 14 frístundahús.
150 F	16,8	Hólkot, Ólafsfjörður	12 frístundahús. Deiliskipulag í gildi.	Allt að 26 frístundahús.

3.11 AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI (AF)

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar. (gr. 6.2.i. í skipulagsreglugerð).

3.11.1 MARKMIÐ

- *Fjallabyggð er náttúruperla með góða vaxtarmöguleika sem ferðaþjónustusvæði. Styðja skal við núverandi ferðaþjónustuaðila og skapa grundvöll fyrir frekari uppbyggingu og fjölbreytni í greininni.*

  → *Markaðssetning Fjallabyggðar sem framsækins sveitarfélags með meðvitaða umhverfisstefnu skapar ferðaþjónustuaðilum forskot á hópa ferðamanna sem tengjast náttúru og útivist.*

Gert er ráð fyrir uppsetning kláfs norðan við Gvendarskál í Ólafsfjarðarmúla. Ætlunin er að hann auki útivistarmöguleika almennings og laði að svæðinu ferðafólk jafnt sumar sem vetur. Aðkoma verður frá námuvegi við Ólafsfjarðarveg. Framkvæmdin mun fara í sjálfstætt umhverfismat.

3.11.2 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
113 AF	11,5	Hólsdalur, Siglufjörður	Tjaldsvæði. Deiliskipulag í gildi.	
161 AF	45,4	Gvendarskál/Múlakolla, Ólafsfjörður	Kláfur, útsýnislyfta	
230 AF	5,8	Leirutangi	Tjaldsvæði. Deiliskipulag í gildi.	
233 AF	0,8	Sunnan Stóra-Bola	Tjaldsvæði	
316 AF	0,6	Við Tjörnina	Tjaldsvæði	

3.12 ÍÞRÓTTASVÆÐI (ÍÞ)

Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar (gr. 6.2.j. í skipulagsreglugerð).

3.12.1 MARKMIÐ

- *Megináhersla er lögð á að keppnisaðstaða hverrar íþróttagreinar verði öðrum megin Héðinsfjarðarganga, en lágmarksaðstaða hinum megin.*
  - → *Ráðgert er að skíðasvæði í Skarðsdal verði aðal skíðasvæði Fjallabyggðar en skíðasvæðið í Ólafsfirði verði einnig opið áfram, bæði lyfta og göngusvæði.*
  - → *Sundlaugar og íþróttahús verði á báðum þéttbýlisstöðunum.*
  - → *Íþróttaaðstaða verði áfram byggð upp í Ólafsfirði þar sem lögð verði áhersla á knattspyrnu með æfingaraðstöðu á Siglufirði.*

3.12.2 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
105 ÍÞ	538,3	Skarðsdalur, Siglufjörður	Skíðasvæði. Deiliskipulag í gildi.	
109 ÍÞ	14,9	Hólsdalur, Siglufjörður	Svæði fyrir frístundabúskap og hestaíþróttir. Deiliskipulag í gildi	
114 ÍÞ	66	Hólsdalur, Siglufjörður	9 holu golfvöllur og fjölnota íþróttasvæði. Deiliskipulag í gildi.	
135 ÍÞ	38,7	Vestan Óss, Ólafsfjörður	Svæði fyrir frístundabúskap, hestaíþróttir og vélhjólaíþróttir. Deiliskipulag í gildi.	Ekki er leyfilegt að byggja fleiri hús í núverandi hesthúsabyggð sökum ofanflóðahættu. Gert er ráð fyrir að hesthúsasvæði stækki til austurs við núverandi reiðvöll.
139 ÍÞ	27,7	Skeggjabrekka, Ólafsfjörður	9 holu golfvöllur.	
156 ÍÞ	12,6	Undir Tindaöxl	Skíðasvæði	
162 ÍÞ		Ólafsfjörður	Skotæfingasvæði	
204 ÍÞ	0,6	Íþróttamiðstöðin á Siglufirði	Innisundlaug og íþróttahús.	
317 ÍÞ	1,4	Íþróttamiðstöðin í Ólafsfirði	Úti sundlaug og íþróttahús, byggt 1945 og 1992.	
326 ÍÞ	3,9	Íþróttavöllurinn í Ólafsfirði	Knattspyrnuvellir og stúka.	

3.13 KIRKJUGARÐAR OG GRAFREITIR (K)

Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti. (gr. 6.2.k í skipulagsreglugerð).

3.13.1 MARKMIÐ

- *Að viðhalda núverandi kirkjum og kirkjugörðum.*

3.13.2 ALMENNT

Í Fjallabyggð eru 3 kirkjur í 2 sóknum og 4 kirkjugarðar. Siglufjarðarsókn telst til Skagafjarðarprófastsdæmis en Ólafsfjarðarsókn til Eyjafjarðarprófastsdæmis.

Kirkjurnar eru:

- Siglufjarðarkirkja, byggð 1932.
- Kvíabekkjarkirkja, byggð 1889. Var friðuð 1990.
- Ólafsfjarðarkirkja, byggð 1915. Safnaðarheimili var byggt við kirkjuna 1996.

Kirkjur og kirkjugarðarmunu uppfylla þarfir sveitarfélagsins til a.m.k næstu 20 ára. Kirkjur og kirkjugarðar í Fjallabyggð munu uppfylla þarfir sveitarfélagsins til a.m.k. næstu 20 ára. Staðsetning nýs kirkjugarðar í Ólafsfirði verður skoðuð í náinni framtíð.

3.13.3 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
119 K		Saurbæjarás, Siglufjörður	Kirkjugarður	
145 K		Kvíabekkjarkirkjugarður	Kirkjugarður	
211 K	0,9	Siglufjarðarkirkjugarður	Kirkjugarður	
314 K	0,7	Ólafsfjarðarkirkjugarður	Kirkjugarður	

3.14 OPIN SVÆÐI (OP)

Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. (gr. 6.2.l. í skipulags-reglugerð).

3.14.1 MARKMIÐ

- *Uppbygging útivistarsvæða og tengingar á svæðin með göngustígum haldi áfram og útivistarmöguleikar verði sem bestir.*

3.14.2 ALMENNT

Á skipulagstímanum er gert ráð fyrir að opnu svæðin myndi samfellda heild og að auðvelt sé að tengja þau saman með gönguleiðum/útivistarstígum og gróðurbeltum.

3.14.3 ALMENN ÁKVÆÐI

Heimilt er að setja upp lítil mannvirki s.s. snyrtingar, grillhús, fuglaskoðunarhús, brýr o.þ.h..

3.14.4 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð (ha)	Staðsetning	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
115 OP	14,8	Skarðsdalur, Siglufjörður	Útivistarskógur. Deiliskipulag í gildi.	
116 OP	33,8	Hólsdalur, Siglufjörður	Útivistarskógur. Deiliskipulag í gildi.	
118 OP	10	Hólsdalur, Siglufjörður	Útivistarskógur.	
155 OP	56,7	Hornbrekka, Ólafsfjörður	Snjóflóðavarnargarður, göngustígar og göngskíðabraut. Deiliskipulag í gildi.	
157 OP	25,4	Ofan þéttbýlis, Ólafsfjörður	Útivistarskógur.	
201 OP	61,2	Fjallsrætur Hafnarfjalls og ósar Fjarðarár	Snjóflóðavarnargarðar og göngustígar. Matjurtagarðar geti verið ofan Hávegs. Deiliskipulag í gildi.	
227 OP	4,3	Leirutangi	Griðland fugla. Deiliskipulag í gildi.	
305 OP	1,1	Opið svæði milli Múlavegar og Brimnesvegar	Grænt svæði með runnagróðri á stöku stað.	
315 OP	2,6	Ólafsfjarðartjörn	Tjörn, skíðastökkpallur, skrúðgarður.	
323 OP	4,1	Við Ólafsfjarðarvatn	Bakki Ólafsfjarðarvatns. Deiliskipulag í gildi.	
325 OP	1,9	Hornbrekkubót	Útivistarsvæði, bryggja.	

3.15 FLUGVELLIR (FV)

Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri. (gr. 6.2.j. í skipulagsreglugerð).

3.15.1 MARKMIÐ

- *Viðhalda flugvellinum á Siglufirði fyrir ferðaþjónustu/atvinnurekstur.*

3.15.2 ALMENNT

Flugbraut er á Siglufirði sem er í eigu og umsjá sveitarfélagsins. Flugvöllurinn er án þjónustu og lýsingar. Þar er leyfilegt sjónflug og sjúkraflug. Völlurinn eykur þannig öryggi íbúa og getur þjónustað ferðamenn.

3.15.3 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð (ha)	Staðsetning	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
120 FV	4,9	Saurbæjarás, Siglufjörður	Flugvöllur	

3.16 HAFNIR (H)

Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu veru, móttöku og afgreiðslu þessarar veru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir. (gr. 6.2.o. í skipulagsreglugerð).

3.16.1 MARKMIÐ

- *Sjávarútvegur og tengdar greinar verði áfram meginstoð atvinnulífs Fjallabyggðar.*
- *Áhersla skal lögð á góða aðstöðu og vaxtamöguleika fyrir útgerð og aðra hafnsækna starfsemi.*
  - → *Öflug sjávarútvegs- og vinnslufyrirtæki þar sem samfélagsleg ábyrgð og samfélagslegir hagsmunir eru í fyrirrúmi efla atvinnulíf í sveitarfélaginu og hafa það að markmiði að tryggja störf. Framleiðsla verðmætrar gæðavöru og fullvinnsla á henni er mikilvægt atriði í því samhengi, sérstaklega þegar litið er til lengri tíma.*
  - → *Fjallabyggð hefur mótast mjög af sjósókn og telst það því mikilvægur hlekkur í menningu þéttbýlanna að útgerð sé viðhaldið.*
  - → *Útgerðarfyrirtækjum og tengdri starfsemi verði sérstaklega ætluð svæði við hafnir Fjallabyggðar.*
- *Skapa örugga hafnaraðstöðu með góðu viðlegurými og aðliggjandi athafnasvæðum.*
  - → *Góð tenging við samgöngukerfi á landi.*
- *Stefnt verði að rafvæðingu hafna.*

3.16.2 ALMENNT

SIGLUFJÖRÐUR

Öldubrjóturinn liggur út um 130 m frá norðausturhorni Eyrarinnar, grjótgarður með stálþil að innanverðu. Hann skýlir löndunarbryggjum austan á Eyrinni.

Í smábátadokkinni hafa smábátar löndunaraðstöðu að sunnan og norðan. Smábátasjómenn hafa beitningar- og fiskverkunaraðstöðu við höfnina.

ÓLAFSFJÖRÐUR

Mikil alda getur gengið inn Ólafsfjörðinn. Norðurgarður var reistur til að skýla höfninni og er Þverbryggja byggð út frá honum.

Í Vesturhöfn er smábátaaðstaða og löndunaraðstaða í suðvesturhorni hafnarinnar.

3.16.3 ALMENN ÁKVÆÐI

Auk starfsemi skv. almennum skilmálum skipulagsreglugerðar um starfsemi á hafnarsvæðum er leyfilegt að koma fyrir ýmiskonar tengdri starfsemi á hafnasvæðum Fjallabyggðar. Þar má nefna þjónustufyrirtækjum fyrir bátaflotann, útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum, iðnfyrirtækjum og rannsóknarstofnunum tengdum útgerð og vistkerfi hafsins auk ferðaþjónustu. Ekki verður þar heimil atvinnustarfsemi sem getur haft mengandi áhrif á matvælavinnslu eða nálæga byggð.

3.16.4 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
220 H	4,7	Austur- og suðurhluti Eyrarinnar	Ingvarsbryggja, er viðlegubryggja fyrir viðgerðaþjónustu stærri skipa. Óskarsbryggja, Togarabryggja og Hafnarbryggja eru löndunar- og útskipunarhafnir. Deiliskipulag í gildi.	
221 H	0,4	Suðurhluti Eyrarinnar	Smábátahöfn	
225 H	0,8	Innri-höfnin, Leirutanga	Smábátahöfn	
307 H	4,6	Höfnin	Vesturhöfn er smábátahöfn. Í Austurhöfn er Þverbryggja sem er löndunar- og útskipunarhöfn.	

3.17 LANDBÚNAÐARSVÆÐI (L)

Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu. (gr. 6.2.q. í skipulagsreglugerð).

3.17.1 MARKMIÐ

- *Landbúnaði skal áfram ætlað rými í sveitarfélaginu.*

3.17.2 ALMENN ÁKVÆÐI

Stefnt er að því að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota. Ekki liggur fyrir nákvæm greining og flokkun landbúnaðarlands, stuðst var við loftmyndir við afmörkun svæða. Sýndir eru tveir flokkar landbúnaðarlands:

- L1: óræktað land og beitarland upp að 200 m.y.s.
- L2: ræktað land, tún, akrar og beitarhólf (afmarkað eftir loftmyndum).

Meginreglan er að á góðu landbúnaðarlandi, L2, verði ekki heimiluð önnur landnotkun sem kemur í veg fyrir slíka notkun til framtíðar nema af brýnni nauðsyn.

Nýrækt krefst ekki breytingar á aðalskipulagi en takmarkanir á ræktun geta falist í vatnsvernd, vernd votlendis, vernd skóga, vernd menningarminja, friðlýstum svæðum og sjálfbærri nýtingu lands.[3]

Ræktarland var skráð og greint eftir loftmyndum og vefsjá Landbúnaðarháskóla Íslands http://lbhi.maps.arcgis.com/.

Stefna skal að flokkun lands skv. nýútgefnum leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til rækunar.Allar nýbyggingar skulu vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag.

Fjarskiptamannvirki utan þéttbýlis eru heimil að undangenginni grenndarkynningu, án deiliskipulags og sérmerkingar á aðalskipulagsuppdrætti. Við val á staðsetningu skal tekið tillit til náttúrufars og minjaverndar.

EFNISTÖKUSVÆÐI

Efnistaka landeigenda til eigin nota er heimil á landbúnaðarsvæðum, utan ræktarlands (L2), án sérmerkingar í aðalskipulagi. Við val á staðsetningu nýrra efnistökusvæða skal fylgja almennum ákvæðum í kafla 3.9.3.

SKÓGRÆKT

Skógrækt undir 200 ha er heimil á landbúnaðarsvæðum, utan ræktarlands (L2) án sérmerkingar í aðalskipulagi. Fylgja skal almennum ákvæðum um skógrækt í kafla 3.18.3.

ÖNNUR ATVINNUSTARFSEMI

Á lögbýlum sem eru 15 ha eða stærri má reisa sérhæfðar byggingar fyrir stoðgreinar landbúnaðar, s.s. ferðaþjónustu eða léttan iðnað, allt að 1.000 m² að heildarflatarmáli án þess að gera breytingu á aðalskipulagi.

Staðsetning slíkra bygginga skal beint frá góðu og ræktanlegu landi á rýrara land.

[3] *Atvinnuvega.* (2021).

ÍBÚÐARHÚS

Á lögbýlum sem eru 15 ha eða stærri er heimilt að afmarka lóðir og reisa þrjú íbúðarhús þar sem aðstæður leyfa á núverandi lögbýlum auk þeirra íbúðarhúsa sem tilheyra búrekstrinum. Miðað er við skilgreind lögbýli við samþykkt skipulagsins, (sjá kafla 2.1 í viðaukum).

Við val á staðsetningu nýrra íbúðarhúsa skal:

- Nýta sömu heimreið og lögbýlið eftir því sem við verður komið.
- Markmiðið er að ekki verði fjölgað tengingum við þjóðveg, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt.
- Vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar.
- Forðast stök hús á víðavangi.
- Varast að rýra ekki eftirsóknarverð gildi umhverfisins, sem sóst er eftir með búsetu í sveitinni s.s. aðgengi að opnu landi, ósnertri náttúru, útsýni og búsetulandslagi.
- Ekki velja svæði sem eru áhugaverð til almennrar útivistar.
- Varast að ný hús hafi ekki neikvæð áhrif á útsýnisstaði - hvorki með því að loka eða takmarka aðgengi að þeim né skaða ásýnd áhugaverðra staða og svæða.
- Ekki vera nær vatnsföllum og vötnum en 50 m.
- Ekki afmarka lóðir yfir göngu- og reiðleiðir, hvorki fornar né nýjar.
- Taka mið af flokkun landbúnaðarlands sbr. almenn ákvæði um landbúnaðarsvæði.
- Taka mið af ákvæðum í kafla 5.2 um náttúruvá.

STÖK FRÍSTUNDAHÚS

Heimilt er að reisa allt að þrjú frístundahús á hverju lögbýli, að hámarki 300 m² samtals, án þess að gera þurfi breytingu á aðalskipulagi. Miðað er við skilgreind lögbýli við samþykkt skipulagsins, (sjá kafla 2.1 í viðaukum). Um val á staðsetningu nýrra frístundahúsa er vísað í kafla 3.10 um frístundabyggð.

3.17.3 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
101 L	1111,8	Úlfsdalir og Engidalur	Landbúnaðarland	
108 L	15	Steinaflatir, Siglufjörður	Landbúnaðarland	
110 L	22,1	Sunnan Steinaflata, Siglufjörður	Landbúnaðarland	
148 L	2812,8	Ólafsfjörður	Landbúnaðarland	

3.18 SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI (SL)

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu. (gr. 6.2.r. í skipulagsreglugerð).

3.18.1 MARKMIÐ

- *Trjágróðri sé plantað þannig að falli vel að náttúrulegu umhverfi.*
  - → *Skógrækt sé stunduð í samvinnu við skógræktarfélög og Norðurlandsskóga. Leitast skal við að fella skógrækt að landslaginu þannig að landslagsheildir og svæði haldi sínum einkennum.*
  - → *Við útplöntun í skógarjaðarinn skal haft í huga að hann verði óreglulegur og með runnagróðri til þess að milda mörk skógarreita.*

3.18.2 ALMENNT

Engin landgræðslusvæði eru skilgreind í Fjallabyggð.

Engin skógrækt 200 ha eða stærri er skilgreind í Fjallabyggð.

3.18.3 ALMENN ÁKVÆÐI

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er nýræktun skóga **á verndarsvæðum** og svæðum **yfir 200 ha að flatarmáli tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar** (flokkur B í 1. viðauka laganna, liðir 1.06 og 1.08) en nýræktun á svæðum minni en 200 ha skal tilkynna sveitarfélagi sem metur hvort framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum (flokkur C sbr. lið 1.07 í 1. viðauka laganna).

Ný skógrækt **undir 200 ha utan verndarsvæða** krefst ekki sérmerkingar í aðalskipulagi. Skógrækt er heimil þar sem aðstæður eru hentugar í samræmi við sett markmið og eftirfarandi skilyrði.

Við val á svæðum fyrir nýja skógrækt skal:

a. Taka tillit til þekktra fornminja.
   - Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum en 100 m og 25 m frá öðrum minjum. Tryggt verði eðlilegt aðgengi að minjastöðum.
   - Leggja skal fram yfirlit yfir fornleifar í tengslum við skógræktaráætlanir og skal Minjavörður kveða á um hvort nákvæmrar skráningar verði krafist.
b. Taka tillit til sérstakra jarðmyndana og vistkerfa s.s.:
   - Votlendis þ.e. hallamýra, flóa, flæðimýra, rústamýra, stöðuvatna, tjarna, sjávarfitja og leira. Þess skal gætt að ekki skapist hætta á þurrkun.
   - Náttúrulegra birkiskóga og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.
   - Fossa og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki.
   - Náttúrulegs bakkagróðurs við ár og stöðuvötn.
c. Ekki plantað á landi sem vel er fallið til búvöruframleiðslu.
d. Þess gætt að skógur loki ekki almennum gönguleiðum, fornum þjóðleiðum eða aðgengi meðfram ám og vötnum.
e. Hugað að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum eða valdi snjósöfnun á vegum.
f. Taka tillit til hverfisverndarsvæða, ekki aðeins skilgreindrar afmörkunar heldur umhverfis og ásýndar svæðis í heild, s.s. við Kleifar.
g. Forðast að ganga á búsvæði lóuþræls og spóa en þær fuglategundir eru ábyrgðategundir Íslands. Starungsmýravist er helsta búsvæði ofangreindra fuglategunda.
h. Gætt að því að ræktun falli sem best að heildarsvipmóti lands.

Tilkynna skal allar áætlanir um skógrækt í sveitarfélaginu (nema um ræktun heimilisgarða og minni skrúðgarða) til bæjarstjórnar og gera grein fyrir því hvernig tekið er mið af ofantöldum skilyrðum.

Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en skógrækt er hafin á náttúruverndarsvæðum og svæðum sem falla undir **ákvæði laga um náttúruvernd**.

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við þau verndarákvæði sem sett eru fram í skipulagsáætlunum, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruminjaskrá, friðlýstra svæða skv. lögum um náttúruvernd og friðlýstra fornminja skv. lögum um menningarminjar. Einnig skal taka mið af markmiðum um að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.

3.19 ÓBYGGÐ SVÆÐI (ÓB)

Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum. (gr. 6.2.r. í skipulagsreglugerð).

3.19.1 MARKMIÐ

- *Lögð er áhersla á sjálfbæra þróun landsins*
  - → *Markvisst verði fylgst með þoli landsins vegna ferðamanna og búfjár og leitast við að ofbjóða því ekki. Slík umhverfismeðvitund mun efla samfélagið og auka möguleika í ferðaþjónustu.*

3.19.2 ALMENN ÁKVÆÐI

Ofan byggðar og utan skilgreindrar landnotkunar er grunnlandnotkun flokkuð sem „óbyggð svæði". Þau eru ómerkt (utan eins svæðis) og um þau gilda almennir skilmálar.

Óbyggð svæði eru opin til almennrar útiveru auk þess sem þau eru nýtt á hefðbundinn hátt sem beitar- og afréttarlönd. Mörk landbúnaðarsvæða og opinna svæða er miðuð við 200 m hæð yfir sjávarmáli. Viðmiðunin er til einföldunar en hún er byggð á því að ræktun og búseta virðist í grófum dráttum takmarkast við um 200 m.y.s.

Óbyggð svæði í sveitarfélaginu eru mikið til brattir fjallgarðar. Mannvirkjagerð er þar og skal vera í lágmarki, þar er helst um að ræða vegi og raflínur. Vegslóðar vegna búrekstrar (bændaslóðar) geta legið um óbyggð svæði. Þeir eru ekki opnir almennri umferð ökutækja.

Fjarskiptamannvirki (s.s. endurvarpsstöðvar) og önnur veitumannvirki (s.s. lítil tengivirki og dæluhús)eru heimiluð á óbyggðum svæðum í samræmi við deiliskipulag eða að undangenginni grenndarkynningu, þar sem það á við.

Göngustígar og lágmarksaðstaða vegna útivistar er leyfileg s.s. áningarstaðir með bílastæðum og upplýsingaskiltum. Á áningarstöðum má á grundvelli deiliskipulags eða grenndarkynningar koma fyrir skýli/afdrepi til öryggis og kömrum með safntönkum eða annarri fullnægjandi skólpförgun/fráveitu án sérmerkingar í aðalskipulagi.

Mannvirki til almannanota s.s. fjallaskálar, gangnamannaskálar og neyðarskýli skulu vera í lágmarki og taka mið af öryggismálum og þörf fyrir neyðarafdrep og gistiaðstöðu fyrir gangnamenn og ferðafólk þar sem það á við. Slíkir skálar skulu sérmerktir á aðalskipulagsuppdrætti (afþreyingar- og ferðamanna-svæði).

3.19.3 NESDALUR, HÉÐINSFJÖRÐUR, VÍKURDALUR, HVANNDALIR, SÝRDALUR OG FOSSDALUR

Afmarkað er sérstaklega óbyggt svæði milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, 127 ÓB, um 6.140 ha að flatarmáli. Um er að ræða eyðibyggðir í Héðinsfirði, Nesdal vestan fjarðains og Hvanndali og Fossdal austan hans ásamt afdölum.

Fjölbreyttur snjódældagróður einkennir svæðið en hvergi má finna betra sýnishorn af hinum sérstæða gróðri útsveita við Eyjafjörð. Með skilgreiningu á svæðinu er verið að undirstrika mikilvægi heildstæðrar verndunar vistkerfa á lítt snortnu svæði ásamt því að gefa göngufólki áfram kost á að komast í tæri við náttúru svæðisins.

Stofnvegur milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar liggur um Héðinsfjarðargöng og er áningarstaður með bílastæðum í Héðinsfirði sem hefur bætt aðgengi að firðinum. Ekki er gert ráð fyrir nýjum mannvirkjum öðrum en göngubrúm á svæðinu til að hafa sem minnst áhrif á vistkerfi svæðisins og ásýnd lands.

Lagt er til að gönguleiðir verði stikaðar til að beina fólki um réttan veg og frá viðkvæmum svæðum sem þarft er að vernda fyrir ágangi. Girðingum skal haldið í lágmarki, enda er ekki gert ráð fyrir skepnuhaldi í firðinum.

Skógrækt er ekki heimil né notkun á framandi gróðurtegundum þ.á.m. alaskalúpínu.

3.19.4 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
127 ÓB	6140	Nesdalur, Héðinsfjörður, Víkurdalur, Hvanndalir, Sýrdalur og Fossdalur.	Eyðidalir og lítt snert svæði. Mörk miðast almennt við 0-400 m hæð yfir sjávarmáli.	
303 ÓB	5	Norðurbyggð		Framtíðar íbúðarsvæði.

3.20 STRANDSVÆÐI (ST)

Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki. (gr. 6.2.w. í skipulagsreglugerð).

3.20.1 MARKMIÐ

- *Að tryggja strandsvæði við byggð sem útivistarsvæði fyrir almenning.*

3.20.2 ALMENNT

Eitt svæði er skilgreint á Siglufirði á norðanverðri Þormóðseyri og norður eftir firðinum. Sjóvörn afmarkar svæðið frá annarri landnotkun.

Í botni Ólafsfjarðar við íþróttasvæði hestamanna og moto-cross svæði er skilgreint strandsvæði, þekkt undir nafninu Sjósandur. Þetta svæði er oft notað af fólki sem stundar sjósund og brimbretti.

Við ósa Ólafsfjarðarár er árbakki vestan byggðar við Ólafsveg sem er nýttur til útivistar, einnig skilgreint sem strandsvæði.

Við Brimnestungu er sandströnd undir klettahömrum. Svæðið er mikið notað af brimbrettafólki.

3.20.3 SÉRÁKVÆÐI

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
133 ST	24,1	Sjósandur, Ólafsfjörður	Náttúruleg sandströnd.	
202 ST	3,1	Öldubrjótur	Sandfjara. Háir sjávarkambar að hluta. Ströndin afmarkast af sjóvarnargörðum að hluta.	
301 ST	0,9	Brimnestunga	Grjótfjara undir klettahömrum.	
310 ST	1,6	Við ósa Ólafsfjarðarár	Árbakki til útivistar.	

4 SAMGÖNGU- OG ÞJÓNUSTUKERFI

4.1 VEGASAMGÖNGUR


4.1.1 MARKMIÐ

- *Að stuðla að uppbyggingu og viðhaldi á grunnkerfum til/frá og innan sveitarfélagsins vegna mikilvægis í eflingu, samþættingu og vexti sveitarfélagsins.*
- *Samgöngur til og frá sveitarfélaginu verði bættar.*
  - → *Brýnt er að gera samgöngur yfir í nágrannasveitarfélögin viðunandi og bæta þannig öryggi fólks. Því er áætlað að tvenn jarðgöng verði gerð á skipulagstímabilinu, Fljótagöng og Ólafsfjarðargöng.*
  - → *Með bættu samgöngukerfi verða búsetuskilyrði bætt og atvinnulíf eflt.*
- *Bæta almenningssamgöngur milli byggðarkjarna.*
- *Að stuðla að því að settar verði upp hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla í báðum þéttbýliskjörnunum.*

Á skipulagsuppdráttum eru sýndir framtíðar stofn- og tengivegir utan þéttbýlis. Í þéttbýli eru sýndar framtíðar stofn- og tengibrautir og helstu tengingar við þær. Húsagötur eru einungis sýndar til skýringar á uppdráttum.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir tvennum nýjum göngum, Fljótagöngum og Ólafsfjarðargöngum. Á skipulagsuppdrætti er sýnt framtíðarvegakerfi, þar sem stofnvegir munu liggja um ný göng og núverandi stofnvegir um Strákagöng og Múlagöng verða tengivegir. Staða núverandi stofnvega er óbreytt fram að opnun nýrra ganga og vega. [4]

[4] Í umsögn Vegagerðarinnar við aðalskipulagstillögu er settur fyrirvari með legu Fljótaganga og Ólafsfjarðarganga þar sem undirbúningur er enn á frumstigi og eftir eigi að gera jarðtæknilegar rannsóknir. Ný jarðgöng í Fjallabyggð eru ekki komin á samgönguáætlun.



Mynd 2. *Áætlað samgöngukerfi með Fljótagöngum og Ólafsfjarðargöngum.*

4.1.2 JARÐGÖNG

Áhrif samgöngubóta hafa haft mikil áhrif á þróun byggðalagsins, fyrst í formi vega og síðar í formi jarðganga. Í sveitarfélaginu eru nú þrjú jarðgöng: [5]

	Byggð	Lengd	Ársdagsumferð (ÁDU) * 2017/2018	Gerð
Strákagöng - við Siglufjörð (taln. v. Almenningsnöf) vegnúmer: 76-10	1965 - 1967	800 m	321 bílar 2017	Einbreið með útskotum til mætinga.
Héðinsfjarðargöng vegnúmer: 76-15	2006 – 2010	7.100 + 3.900 m	743 bílar 2018	Tvíbreið
Múlagöng - í Ólafsfjarðarmúla milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar vegnúmer: 82-06	1988 – 1990 Opnuð í desember 1990 Vígð 1. mars 1991.	3.400 m	692 bílar 2017	Einbreið með útskotum til mætinga.

FLJÓTAGÖNG

Fljótagöng, milli Siglufjarðar og Fljóta í Skagafirði, eru áætluð úr Hólsdal, inn í fjallgarðinn og út í botni Nautadals. Lengd ganganna verður um 4,7 km. Með göngunum tengist sveitarfélagið byggðinni í Skagafirði með öruggari hætti. Þau leysa Strákagöng og veg um Almenninga af hólmi en þar eru töluverðar hreyfingar/jarðsig á vegstæðinu.

ÓLAFSFJARÐARGÖNG

Ólafsfjarðargöng, milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar, eru áætluð við mynni Burstabrekkudals og út á austurhlið Karlsárfjalls. Lengd ganganna verður um 8,5 km. Ný göng munu leysa af hólmi núverandi Múlagöng sem eru einbreið og vegkafla í austurhlíð Ólafsfjarðarmúla þar sem snjóflóð eru tíð.

4.1.3 STOFNVEGIR

Stofnvegur nr. 76 liggur frá Skagafirði, í gegnum þéttbýlið á Siglufirði, um Héðinsfjörð og að Ólafsfirði. Þá tekur við stofnvegur nr. 82 sem liggur í gegnum þéttbýlið í Ólafsfirði, um Múlagöng, til Eyjafjarðar.

Gert er ráð fyrir að nýr stofnvegur liggi um fyrirhuguð göng, Fljótagöng og Ólafsfjarðargöng, og Langeyrarvegur, Snorragata og Gránugata niður að höfn taki við sem stofnbraut af Siglufjarðarvegi við þéttbýlismörk.

4.1.4 TENGIVEGIR

Ólafsfjarðarvegur um Múlagöng og Siglufjarðarvegur um Strákagöng munu verða tengivegir með tilkomu nýrra ganga.

4.1.5 AÐRIR VEGIR, INNRA GATNAKERFI

Innra gatnakerfi Siglufjarðar og Ólafsfjarðar eru með umferðarhraða 40 km/klst.

---

[5] Vegagerðin, vefsíða: http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/jardgong/jardgvegakerf/

4.1.6 VEGASKRÁ - VEGIR Í NÁTTÚRU ÍSLANDS

Í 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018 er kveðið á um að sveitarfélög geri tillögu að skrá um vegi, aðra en þjóðvegi, í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil.


Samkvæmt reglugerðinni skulu sveitarfélög flokka vegina á eftirfarandi hátt:

F0 Greiðfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi.

F1 Seinfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi.

F2 Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum.

F3 Torfær vegur, einungis fær stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum.



Mynd 3. *Skilgreining vega í náttúru Íslands.*

Í lögunum er farið fram á víðtækt samráð og var viðkomandi aðilum send tillaga til umsagnar á auglýsingartíma aðalskipulagsins, sbr. kafla 7.1.

4.1.7 ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Með tilkomu Héðinsfjarðarganga opnaðist tenging milli þéttbýliskjarnanna Siglufjarðar og Ólafsfjarðar sem gerði samstarf og sameiningu grunnskóla, tómstunda- og íþróttafélaga að veruleika auk tengingar Siglufjarðar við atvinnusvæði sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu. Til að efla sameiningu og samstarf á milli þéttbýliskjarnanna þarf að stuðla að góðum almenningssamgöngum.

4.2 STÍGAKERFI

4.2.1 MARKMIÐ

- *Markvisst verði unnið að eflingu göngu- og hjólreiðastíga innan þéttbýlisstaðanna.*
- *Tengingar verði öruggar frá stoppistöðvum almenningssamgangna.*
- *Tengingar að opnum svæðum verði bættar.*
- *Settir verði niður bekkir með reglulegu millibili á gönguleiðum innan þéttbýlis.*

Stígar eru samgönguleiðir fyrir gangandi, hjólandi eða ríðandi vegfarendur og tengja þeir saman bæjarhluta, útivistarsvæði og sveitarfélög.

Göngustígar liggja á milli hverfa eða samsíða umferðargötum innan þéttbýlis. Gönguleiðir liggja um opin svæði bæði innan og utan þéttbýlis.

Reið- og gönguleiðir eru víða samsíða og liggja utan þéttbýlis.

4.2.2 ALMENN ÁKVÆÐI

Útfærsla og nákvæm lega hverrar stígagerðar, s.s. breidd og yfirborðsefni skal ákvörðuð í deiliskipulagi.

Lýsing stíga skal ákvörðuð í deiliskipulagi eða ljósvistarskipulagi sveitarfélagsins.

4.3 VEITUKERFI

Gerð er grein fyrir veitumannvirkjum s.s. virkjunum, borholum, dælustöðvum o.fl. í kafla 3.8 um iðnaðarsvæði.

Rafmagn, ljósleiðari, hitaveita og vatnsveita eru sýnd á skipulagsuppdráttum.

4.3.1 MARKMIÐ

- *Næg og örugg raforka skal tryggð fyrir íbúa og atvinnulíf.*
- *Nægt vatn til neyslu og hitunar skal vera til staðar fyrir íbúa og atvinnulíf.*
- *Mengun af fráveitum verði eins lítil og kostur er og innan viðmiðunarmarka mengunar-reglugerðar.*
- *Ljúka skal við að byggja dælustöðvar og lengja útrásarleiðslur fráveitu í þéttbýli og herða eftirlit með frágangi fráveitu í dreifbýli.*
- *Vatns- og hitaveitu skal tryggt nægjanlegt framboð af góðu vatni til neyslu og hitunar. Þeim auðlindum skal ekki spillt.*

Við vinnslu deiliskipulags skal hugað að lagnaleiðum veitukerfa, þeim lögnum sem fyrir eru, aðgengi að lagnakerfinu eftir uppbyggingu auk lóða fyrir veitumannvirki.

4.3.2 BOÐVEITUR

Öflug fjarskipti eru í dag hluti af grunnþjónustu fyrir íbúa. Sveitarfélagið er ekki eignar- eða rekstraraðili ljósleiðara- eða annarra kapalkerfa innan sveitarfélagsins. Fjarskiptamannvirki skulu eiga stoð í deiliskipulagi.

Lagning ljósleiðara í dreifbýli og í Ólafsfirði er lokið en unnið er að uppsetningu ljósleiðara á Siglufirði.

4.3.3 FRÁVEITA

Fráveitumál í þéttbýli skulu leyst eftir bestu tæknilegu lausn hvers tíma og í takt við þær kröfur sem gerðar eru, m.a. vegna nálægðar við matvælaframleiðslu.

Fráveitumál í dreifbýli skulu leyst í samræmi við ákvæði gildandi regla.

4.3.4 HITAVEITA

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á hitaveitu á skipulagstímabilinu.

4.3.5 VATNSVEITA

Samhliða frekari uppbyggingu í sveitarfélaginu verður vatnsveitukerfið bætt eftir þörfum.

4.3.6 RAFVEITA

Þörf er á auknu rafmagni í sveitarfélaginu. Fyrirhugað er að styrkja meginflutningskerfi raforku á Norðurlandi með Blöndulínu 3, frá Blönduvirkjun til Akureyrar.

5 VERNDARÁKVÆÐI OG TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN

Í þessum kafla greinargerðarinnar er fjallað um þá þætti sem lúta að takmörkun á landnotkun. Um er að ræða friðun og verndun hvers konar vegna náttúrufars, menningarminja og auðlinda og ákvæði vegna hættu af hugsanlegum náttúruhamförum.

5.1 ALMENNT

Í gr. 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir:

> *„Í þéttbýli skuli lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“*

Engin lög fela í sér verndun sérstaks búsetulandslags en sveitarfélagið mun beita fyrir sig t.d. hverfisvernd þar sem þykir vert að vernda heildarásýnd búsetulandslags, sbr. Kleifar.

5.2 NÁTTÚRUVÁ (NV)

Svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri). (gr. 6.3.a. í skipulagsreglugerð Nr.90/2013)

5.2.1 MARKMIÐ

- *Vinna markvisst að uppbyggingu snjóflóðavarnargarða þar sem það krefst til að stuðla að öruggu umhverfi manna og dýra.*
- *Vinna að markvissum og vel ígrunduðum deiliskipulögum þegar kemur að frekari uppbyggingu.*
- *Snjóflóðamannvirki við þéttbýli skulu kláruð svo viðunandi ofanflóðahætta sé innan þeirra og unnt að þétta byggð.*

5.2.2 SNJÓFLÓÐ

Snjóflóð eru tíð í Fjallabyggð og hefur hættumat verið unnið fyrir þéttbýlisstaðina, beggja vegna Ólafsfjarðar og skíðasvæðin í Skarðsdal og Hólsdal. Einnig liggja fyrir drög að hættumati fyrir frístundabyggðina á Saurbæjarási og hesthúsasvæðið á Steinaflötum. [6]

Settur er fyrirvari um hugsanlega ofanflóðahættu utan þéttbýlis sem ljós kann að verða við hættumat á einstökum svæðum sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 505/2000. Þetta skal haft í huga við ákvörðun um staðarval s.s. frístundabyggða, vega, raflína og stakra bygginga á landbúnaðarlandi.

Í lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum er mælt fyrir að meta skuli hættu á snjóflóðum í sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Metin áhætta er afmörkuð á þrenns konar hættusvæði.

- Hættusvæði A (gulur litur) þar sem staðaráhætta er á bilinu 0,3 til 1 af 10.000 á ári.
- Hættusvæði B (blár litur) þar sem staðaráhætta er 1 til 3 af 10.000 á ári.
- Hættusvæði C (rauður litur) þar sem staðaráhættan er meiri en 3 af 10.000 á ári.

[6] Línurnar hafa ekki verið fullkláraðar en hafa verið afhentar opinberum aðilum m.a. til skipulagsgerðar. sbr. tölvupóst frá Ragnari Heiðari Þrastarsyni dags. 19. desember 2018.

Staðaráhætta er ásættanleg í íbúðarhúsum, skólum, leikskólum, sjúkrahúsum og samkomuhúsum ef hún er minni en 0,3 af 10.000 á ári samkvæmt 11. grein reglugerðar nr. 505/2000.

Varðandi reglur um nýtingu hættusvæðanna vísast í 19. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Ítarefni um snjóflóð má lesa í kafla 7.1 í forsenduhefti.

5.2.3 SJÁVARFLÓÐ

Til að forðast að sjór berist inn í byggingar eru sett ákvæði um lágmarks gólfkóta í nýjum byggingum sjá kafla 3.2.8 um önnur almenn ákvæði.

Vegna hættu á sjávarflóðum á standlágum svæðum skal ávallt leita umsagnar siglingasviðs Vegagerðarinnar við skipulagningu mannvirkja við strandir.

Ítarefni um sjávarflóð má lesa í kafla 7.4 í forsenduhefti.

Á Siglunesi er hætta vegna sjávarrofs.

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun
430 NV		Siglunes, Siglufjörður	Hætta vegna sjávarrofs.

5.2.4 JARÐSKJÁLFTAR

Fjallabyggð og nágrenni er á jarðskjálftasvæði og er innan svæðis þar sem jarðskjálftavá er talsvert hærri en gengur og gerist á landinu. Miða skal við hönnunarhröðun 0,50 g á 500 ára meðalendurkomutíma sem er hæsti áhættuflokkur[7] (sjá mynd 19 í forsenduhefti).

5.2.5 ELDVIRKNI

Ekki eru virkar eldstöðvar í eða í grennd við sveitarfélagið og því ekki bein hætta af völdum eldgosa. Hins vegar má eiga von á óbeinum áhrifum eldgosa í formi öskufalls og gjósku.[8]

5.2.6 ÓVEÐUR

Á Siglufirði og í Ólafsfirði valda NNA vindstrengir oft tjóni. Þessum áttum fylgir oft mikil snjókoma.[9]

5.3 VARÚÐARSVÆÐI (VA)

Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun. (gr. 6.3.b. í skipulagsreglugerð)

Ekki er ástæða til að afmarka sérstök varúðarsvæði í Fjallabyggð.

5.4 FRIÐLÝST SVÆÐI (FS)

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar. (gr. 6.3.d. í skipulagsreglugerð)

Engin friðlýst svæði eru í sveitarfélaginu. Ekki er stefnt að friðlýsingu svæða eða náttúruvætta.

[7] Páll Halldórsson (2005), Jarðskjálftavirkni á Norðurlandi, *Veðurstofa Íslands – Greinargerð 05021*.

[8] Áhættuskoðun almannavarna 2008-2011, Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild, Reykjavík, 2011.

[9] Veðurstofa Íslands. Veðurstöð 3658 og 3752 Ólafsfjörður og Siglufjörður. [Tímabil 2010-2019].

5.5 ÖNNUR NÁTTÚRUVERND (ÖN)

Svæði á náttúruminjaskrá, þ.m.t. svæði í náttúruverndaráætlun, jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun. (gr. 6.3.e. í skipulagsreglugerð)

5.5.1 NÁTTÚRUMINJASKRÁ (NM)

Náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst en þykir ástæða til að friðlýsa.

Náttúruminjaskrá skiptist í þrjá hluta skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013:

A. Friðlýst svæði
B. Framkvæmdaáætlun um friðlýsingar og friðun
C. Aðrar náttúruminjar

Engin svæði í sveitarfélaginu eru í A eða B hluta náttúruminjaskrár en tvö svæði eru í C hluta, þ.e. aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir að friðlýsa:


FJALLLENDIÐ MILLI SKAGAFJARÐAR OG EYJAFJARÐAR

501. Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, (423), Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu. (1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegar nr. 1 á Öxnadalsheiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.

ÓLAFSFJARÐARVATN

539. Ólafsfjarðarvatn, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu. (1) Vatnið allt ásamt ósi. (1) Strandvatn, 270 ha. Mjög sérstætt náttúrufyrirbrigði. Ferskt vatn flýtur ofan á söltu og verkar sem gler í gróðurhúsi á neðri lög. Mikið og fjölbreytt lífríki. [10]

[10] https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/nordausturland/



Mynd 4. *Svæði á náttúruminjaskrá í sveitarfélaginu skástrikuð.*

5.5.2 ÖNNUR VERNDARSVÆÐI, JARÐMYNDANIR OG VISTKERFI

Eftirtalin vistkerfi og jarðminjar njóta sérstakrar verndar skv. 1. og 2. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd:

a. Votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur.
b. Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.
c. Eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.
d. Fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nema brýna nauðsyn beri til. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi

náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem slíkar umsagnir liggja fyrir.

5.6 MINJAVERND (MV)

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar. (gr. 6.3.f. í skipulagsreglugerð)

5.6.1 MARKMIÐ

- *Áhersla á náttúruvernd og verndun menningar- og náttúruminja.*
- *Sérkenni og saga sveitarfélagsins verði sýnileg með merkingu, verndun og viðhaldi minja.*

Merkja skal náttúru- og menningarminjar í sveitarfélaginu til að stuðla að aukinni meðvitund íbúa um umhverfi sitt, m.a. með upplýsingaskiltum, bæklingum og á heimasíðu Fjallabyggðar.

Vernda skal og bæta þær byggingar sem taldar eru hafa byggingarlistrænt eða menningarsögulegt gildi. Varðveislugildi bygginga frá fyrri hluta og miðbiki þessarar aldar skal gefa aukinn gaum við afgreiðslu erinda um breytingar á byggðinni. Tryggt verði að hvert tímabil byggingarsögunnar eigi sér fulltrúa í bæjarmyndinni.

Lögð verður áhersla á endurgerð gamalla húsa í sveitarfélaginu og varðveislu muna tengdum fyrri byggð og menningu. Vernda skal merkar fornleifar og forðast að hrófla við minjum eftir því sem frekast er kostur. Stuðla skal að rannsóknum og kynningu og að gera menningarsögulega arfinn sem best aðgengilegan íbúum og ferðalöngum.

Minjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar menningarminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt lögum um menningarminjar.

5.6.2 HÚSAVERND

Fyrir liggur húsakönnun elsta hluta byggðarinnar á Siglufirði.[11] Þar er gerð grein fyrir mati á varðveislugildi bygginga og byggðar.

Hluti Eyrarinnar á Siglufirði, þ.e. reitur sem afmarkast af Aðalgötu, Eyrargötu, Grundargötu og Norðurgötu, hefur verið skilgreindur sem „verndarsvæði í byggð“ með vísan til laga þar um nr. 87/2015.[12] Sjá kafla 4.9.3 um hverfisvernd á Þormóðseyri.

5.6.3 FORNLEIFASKRÁNING

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:

> *Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.*

Frá árinu 2001 hefur verið unnið að fornleifaskráningu í sveitarfélaginu öllu. Á þemakorti eru merktar áhugaverðar minjar sem henta vel til varðveislu eða kynningar. Listinn er byggður á tillögum úr fornleifaskráningum (sjá kafla 1.2 í viðaukum).

---

[11] *Húsaskráning Siglufjarðar, 1. áfangi 2012/13*, uppfært í desember 2017, Kanon arkitektar

[12] Birna Lárusdóttir og Birkir Einarsson. *Verndarsvæði í byggð, Þormóðseyri Siglufirði. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja, 2018.*

Skv. umsögn Minjastofnunar Íslands gefur sú fornleifaskráning sem til er góða mynd af minjum í sveitarfélaginu og uppfyllir grunnkröfur um fornleifaskráningu vegna aðalskipulags í **dreifbýli**. Uppfæra þarf fornleifaskráningu á **þéttbýlisstöðum** í sveitarfélaginu sem og öðrum **fyrirsjáanlegum framkvæmdasvæðum**. Mun sú uppfærsla vera fullnægjandi fyrir framtíðar deiliskipulagsvinnu og stakar framkvæmdir. [13]

Fyrirhugað er að útbúa samkomulag við Minjastofnun um vinnu við uppfærslu fornleifaskráningarinnar, forgangsröðun svæða og tímaáætlun.

Leggja skal fram yfirlit yfir fornleifar í tengslum við skógræktaráætlanir og skal Minjavörður kveða á um hvort nákvæmrar skráningar verði krafist.

5.6.4 FRIÐUN

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra. Hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni sem eru 100 ára eða eldri teljast til fornleifa og eru sjálfkrafa friðaðar.

FRIÐAÐAR FORNLEIFAR

Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgað svæði og gilda sömu reglur um það svæði og um fornleifarnar sjálfar. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fornleifum og á friðhelguðu svæði umhverfis þær eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun fornleifa sem byggist á aldursákvæðum laga um menningarminjar. [14]

FRIÐUÐ MANNVIRKI

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Stofnuninni er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum.

Um 200 hús munu verða 100 ára og þar með falla undir þetta ákvæði á skipulagstímabilinu (sjá kafla 1.3 í viðaukum).

5.6.5 FRIÐLÝSING

FRIÐLÝSTAR FORNLEIFAR

Engar friðlýstar fornleifar eru í sveitarfélaginu.

FRIÐLÝST HÚS OG MANNVIRKI


Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Um friðlýst hús og mannvirki gilda ákvæði 31. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.


- Sæbyhús, Norðurgötu 3 Siglufirði, byggt 1886.
- Kvíabekkjarkirkja, Ólafsfirði, byggt 1892.
- Róaldsbrakki, Snorragötu 13 Siglufirði, byggt 1906-1907.
- Norska sjómannaheimilið, Aðalgötu 27 Siglufirði, byggt 1915.
- Ólafsfjarðarkirkja, Kirkjuvegur 12 Ólafsfirði, byggt 1915.

[13] Sædís Gunnarsdóttir (17.10.2019).

[14] http://www.minjastofnun.is/minjar/fridadar-fornleifar/



Mynd 5. *Þemakort friðlýstrar byggingar, Kvíabekkjarkirkja í Ólafsfirði.*



Mynd 6. *Þemakort friðlýstrar byggingar, Ólafsfjarðarkirkja.*



Mynd 7. *Þemakort friðlýstra bygginga, Roaldsbrakki, Norska sjómannaheimilið og Sæbyhús.*

5.7 VATNSVERND VATNSBÓLA (VB)

Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn. (gr. 6.3.g. í skipulagsreglugerð)

Fjögur vatnsverndarsvæði eru í Fjallabyggð: í Hvanneyrarskál, í Hólsdal, í Gvendarskál í Múlakollu og í Brimnesdal (sjá sveitarfélagsuppdrátt).

Þeim er er skipt í 3 flokka:

VATNSBÓL

Vatnsból/brunnsvæði skal algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð, framkvæmdum og starfsemi annarri en þeirri, sem nauðsynleg er vegna vatnsveitunnar. Vatnsból og mannvirki skulu afmörkuð með girðingu eða öryggi tryggðu á jafngildan hátt.

GRANNSVÆÐI

Á grannsvæði eru framkvæmdir og starfsemi sem ógnað geta öryggi vatnsöflunar bönnuð. Önnur landnot eru einkum til útivistar enda falli þau not að forsendum vatnsverndar.

FJARSVÆÐI

Fjarsvæði er aðalákomusvæði fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðarvatnsbólum. Öll landnot verða að falla að forsendum vatnsverndar.

Merking	Stærð	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun
410 VG	11,5	Hvanneyrarskál, Siglufjörður	Brunn- og grannsvæði og vatnsverndar.
411 VF	72	Hvanneyrarskál, Siglufjörður	Fjarsvæði vatnsverndar.
412 VG	65,6	Hólsdalur, Siglufjörður	Brunn- og grannsvæði og vatnsverndar.
413 VF	1215,3	Hólsdalur, Siglufjörður	Fjarsvæði vatnsverndar.
414 VG	71,1	Gvendarskál, Ólafsfjörður	Brunn- og grannsvæði og vatnsverndar.
415 VF	157,7	Gvendarskál, Ólafsfjörður	Fjarsvæði vatnsverndar.
416 VG	117,5	Brimnesdalur, Ólafsfjörður	Brunn- og grannsvæði og vatnsverndar.
417 VF	376,7	Brimnesdalur, Ólafsfjörður	Fjarsvæði vatnsverndar.

5.8 VATNSVERND Á STRANDSVÆÐUM VIÐ ÁR, VÖTN OG SJÓ (VS)

Svæði þar sem langtímamarkmið um ástand vatns hefur verið skilgreint samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og svæði sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt sérlögum (gr. 6.3.h. í skipulagsreglugerð).

Fjögur svæði eru skilgreind sem „strandsvæði" sem felur í sér umhverfislegt verndargildi og útivistarmöguleika, sjá kafla 3.20.

Verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum eru svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Í reglugerðinni er kveðið á um að gera skuli grein fyrir langtímamarkmiði fyrir vötn í svæðis- og aðalskipulagi og að sýna skuli flokkun þeirra á skýringaruppdráttum við gerð deiliskipulags.

Grunnvatn og yfirborðsvatn skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðar um varnir gegn mengun vatns í eftirtalda flokka:

Flokkur A: Ósnortið vatn

Flokkur B: Lítið snortið vatn

Flokkur C: Nokkuð snortið vatn

Flokkur D: Verulega snortið vatn

Flokkur E: Ófullnægjandi vatn

Í samræmi við vatnatilskipun og lög um stjórn vatnamála skal yfirborðs- og grunnvatn flokkað í svokölluð vatnshlot og eiginleiki og ástand þeirra metið með það að markmiði að tryggja sem best verndun vatns innan sveitarfélagsins, sbr. reglugerð nr. 935/2011 um um stjórn vatnamála.

5.8.1 LANGTÍMAMARKMIÐ

Merking	Stærð	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Langtímamarkmið
400 VS	48,4	Í botni Siglufjarðar	Vatnsvernd strandsvæðis	Lítið snortið vatn (B)
401 VS	39,5	Víkursandur í botni Héðinsfjarðar	Vatnsvernd strandsvæðis	Ósnortið vatn (A)
402 VS	174,7	Héðinsfjarðarvatn	Vatnsvernd	Ósnortið vatn (A)
403 VS	24	Í botni Ólafsfjarðar	Vatnsvernd strandsvæðis	Lítið snortið vatn (B)
404 VS/NM	236,4	Ólafsfjarðarvatn	Vatnið allt ásamt ósi. Mjög sérstætt náttúrufyrirbrigði. Ferskt vatn flýtur ofan á söltu og verkar sem gler í gróðurhúsi á neðri lög. Mikið og fjölbreytt lífríki.	Ósnortið vatn (A)

5.9 HVERFISVERND (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum. (gr. 6.3.i. í skipulagsreglugerð)

Vernda skal og bæta svæði eða hverfi sem hafa sérkennandi yfirbragð og eru mikilvægur hluti af bæjarmyndinni. Varðveislugildi hverfa frá fyrri hluta og miðbiki þessarar aldar skal gefa aukinn gaum við afgreiðslu erinda um breytingar á byggðinni. Gróðursæld og gróðureinkenni eldri hverfa verði varðveitt og styrkt.

Búsetulandslag er vítt hugtak sem nær til alls þess landslags sem maðurinn hefur mótað með búsetu sinni og nýtingu á náttúrunni, t.d. hefur sauðfjárbeit í gegnum árin haft víðtæk áhrif um allt land þar sem skóglendi og annar gróður hefur farið hverfandi að hluta til sökum þess. Einnig má víða finna framræst tún og túngarða sem hafa breitt ásýnd lands. Beita má hverfisvernd til verndunar búsetulandslags.

5.9.1 KLEIFAR

Byggingaþyrpingin á Kleifum einkennist af sérstökum byggingarstíl og sögulegri tengingu við útgerð og landbúnað. Einkenni húsagerðar er að flest eru þau háreist, tvílyft á kjallara gjarnan með kvistum a.m.k. á framhlið húsanna og flest eru þau timburhús með bárujárni eða forsköluð og voru byggð á tímabilinu 1930-1960. Hverfisverndin felur í sér verndun á yfirbragði núverandi mannvirkja, auk þess sem landeigendum verður gert kleift að halda áfram þeirri landnotkun sem saga staðarins er byggð á, þ.e. sauðfjárbúskap og útgerð. Frekari uppbygging á Kleifum krefst deiliskipulags og framkvæmdaleyfis en ný mannvirki skulu fylgja þeim byggingarstíl sem fyrir er á staðnum.

Frístundabyggð á Kleifum skal taka mið af sérkennum og yfirbragði byggðarinnar og styrkja það búsetuumhverfi sem þróast hefur á svæðinu. Húsin skulu vera í þyrpingum á jöðrum túna og/eða við aðkomuvegi. Lóðir skulu vera að hámarki 1.300 m² og skipulagðar þannig að opið land (tún) verði á milli

húsa/lóða. Ný hús mega vera nútímaleg en þau skulu taka mið af eldri húsum á svæðinu í formi, efnisvali og litavali þannig að þau bæti og styrki heildarmynd byggðarinnar í samræmi við markmið hverfisverndar. Hús skulu vera með mænisþaki. Fráveita skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Merking	Stærð	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun
420 HV	36	Kleifar, Ólafsfjörður	Byggingaþyrpingin á Kleifum einkennist af sérstökum byggingarstíl og sögulegri tengingu við útgerð og landbúnað.

5.9.2 ÓLAFSFJARÐARVATN

Ólafsfjarðarvatn er á náttúruminjaskrá vegna sérstöðu sinnar þar sem ferskt vatn flýtur ofaná söltu vatni. Þar er mikið og fjölbreytt lífríki. Hverfisverndin nær til óss og bakka vatnsins vegna þess lífríkis sem þar er og votlendis sunnan þess. Vistkerfi votlendis ber að vernda skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki innan verndarsvæðisins en leyfilegt er að útbúa göngustíga, brýr, fuglaskoðunarhús o.þ.h. til að bæta aðgengi og stýra umferð fólks.

Merking	Stærð	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun
421 HV	318,3	Ólafsfjarðarvatn	Vatnið allt ásamt ósi, bökkum og votlendi sunnan vatns.

5.9.3 ÞORMÓÐSEYRI

Hverfisvernd er á íbúðarsvæði á Þormóðseyri á Siglufirði. Í tillögu að verndarsvæði í byggð sem staðfest var af ráðherra í febrúar 2019, er lagt til að þetta svæði verði skilgreint sem verndarsvæði í byggð og fjallað um möguleika á stækkun verndarsvæðisins til suðurs þar sem elsta hús bæjarins, Maddömuhús við Norðurgötu 1 stendur og vesturs til að vernda götumynd Grundargötu. Því mun hverfisverndin í aðalskipulaginu afmarkast af húsum vestan Grundargötu, Gránugötu til suðurs, Norðurgötu til austurs og Eyrargötu til norðurs.

ÁKVÆÐI

Samþykktir voru eftirfarandi skilmálar fyrir svæðið í tillögu að verndarsvæði í byggð og gilda þeir sem ákvæði hverfisverndarinnar:

- Við endurnýjun gangstétta verði áfram hafður gangstéttakantur og yfirborðsefni steypa eða hellulögn. Við Aðalgötu verði gangstéttar hellulagðar.
- Við endurgerð eða uppbyggingu nýrra húsa skal klæðning vera lóðrétt bárujárn, múr- eða timburklæðning í anda húsanna sem fyrir eru á svæðinu.
- Hámarkshæð nýrra húsa skal vera 7 m og þakgerð bárujárnsklædd mænisþök.
- Öll uppbygging og endurgerð húsa skal stuðla að styrkingu heildarásýndar svæðisins, viðhalda og draga fram sérstöðu þess, samræma umfang, útlit og litaval bygginga.
- Ljósastaurar á svæðinu verði lægri en þeir sem fyrir eru og með „gamaldags“ útliti. Einnig lagt til að ljósastaurar meðfram allri Aðalgötu verði með sama útliti.

Merking	Stærð	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun
422 HV	1,5	Þormóðseyri	Innan verndarsvæðisins er gott sýnishorn af þeirri byggð sem þróaðist senmma á 20. öld á grundvelli reitaskipulags sr. Bjarna Þorsteinssonar frá 1918. Svæðið hefur að geyma mikla sögu um upphaf byggðar og skipulags á Siglufirði.

6 BREYTINGAR FRÁ AÐALSKIPULAGI FJALLABYGGÐAR 2008-2028

6.1 ALMENN ATRIÐI

Til glöggvunar er vísað til svæðanúmera í endurskoðuðu aðalskipulagi þar sem ekki eru allir reitir sérmerktir í gildandi aðalskipulagi.

Litanotkun, línugerðir og tákn eru í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og er skipulags-uppdrátturinn því ólíkur eldri uppdráttum.

Afmörkun landnotkunarreita er yfirfarin. Minni háttar lagfæringar, sem ekki snerta sérstaka hagsmuni, eru víða og verða ekki taldar upp sérstaklega. Svæði sem í gildandi skipulagi eru skilgreind með blandaða landnotkun eru nú flokkuð eftir meginlandnotkun en önnur starfsemi tilgreind í sérákvæðum viðkomandi reits.

Aðalskipulagsuppdrátturinn sýnir megindrætti landnotkunar og er almennt ekki þörf á að draga markalínur með sömu nákvæmni og gert er í deiliskipulagi þar sem innra skipulag landnotkunarreita er útfært.

Sú breyting er gerð á afmörkum landnotkunarreita að nú mætast þeir yfirleitt í miðlínum aðliggjandi gatna þannig að innra gatnakerfi bæjarins verður nánast allt innan landnotkunarreita.

Opin og óbyggð svæði innan hverfa, bæði leiksvæði og svæði meðfram götum, verða hluti viðkomandi landnotkunarreits nema þar sem ástæða er til þess að setja sérákvæði og eru þau þá skilgreind og merkt sem opin svæði. Opin svæði, leiksvæði og litlir almenningsgarðar innan landnotkunarreita verða skilgreindir í deiliskipulagi. Fjöldi grænna svæða eru og verða áfram á sínum stað þótt þau séu ekki sýnd á aðalskipulagsuppdrætti. Uppdrátturinn er af þessum sökum ekki eins grænn og eldri uppdrættir.

Auk almennra ákvæða um hvern landnotkunarflokk er gerð grein fyrir hverjum landnotkunarreit í töflu. Þar koma fram sérákvæði ef einhver eru umfram almenn ákvæði svo sem stefna um byggðamynstur, nýtingarhlutfall eða byggingarmagn og heimildir fyrir aðra landnotkun. Öll þessi sérákvæði eru ný, þar sem ekki er gerð grein fyrir ákvæðum um einstaka reiti í gildandi aðalskipulagi. Í flestum tilfellum fela ákvæðin ekki í sér neina breytingu á þeirri byggð sem fyrir er og verða því ekki talin upp í breytingalista. Ný ákvæði á óbyggðum landnotkunarreitum eru heldur ekki tilgreind í breytingalista.

6.2 LANDNOTKUN

6.2.1 UTAN ÞÉTTBÝLIS

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028	**Endurskoðað aðalskipulag**
F12 – Frístundabyggð við Hólsdal í Skarðsdal.	Frístundabyggð felld út. Er landbúnaðarland.
F13 – Frístundabyggð við jaðar Skógræktar í Hólsdal.	Frístundabyggð felld út. Er golfvöllur.
Ú2 – Skotæfingasvæði við Máná.	Skotæfingasvæði fellt út.
L1 - Verslun og þjónusta á landfyllingu í Ólafsfjarðarvatni (8 ha).	Landfylling er felld út og reitur fyrir verslun og þjónustu minnkaður.
F4 – Frístundabyggð við Hólkot.	Frístundabyggð minnkuð.
Þ1 – Verslun og þjónusta við Hól.	Reitur felldur út.

	133 ST - Strandsvæði er nýr landnotkunarflokkur. Strandsvæði er skilgreint í botni Ólafsfjarðar.
	421 HV – Hverfisvernd er sett á Ólafsfjarðarvatn ásamt ósi, bökkum og votlendi sunnan þess.
	117 E – Nýtt efnislosunarsvæði austan fyrirhugaðs gangnamunna í Hólsdal, Siglufirði.
	163 E – Nýtt efnistökusvæði í Skarðsdal fyrir nýjan veg og bílastæði á skíðasvæði.

6.2.2 SIGLUFJÖRÐUR

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028	**Endurskoðað aðalskipulag**
L2 - Landfylling fyrir hafnarsvæði norðan Þormóðseyrar (23 ha)	Landfylling felld út.
L4 - Landfylling norðan Leirutanga á hafnarsvæði (1 ha)	Landfylling felld út.
	202 ST - Strandsvæði er nýr landnotkunarflokkur. Strandsvæði er skilgreint neðan við Hvanneyrarbraut.
	213 M - Afmörkun miðbæjarsvæðis er aðlagað að núverandi aðstæðum. Athafnasvæði er nú skilgreint í stað miðsvæðis.

6.2.3 ÓLAFSFJÖRÐUR

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028	**Endurskoðað aðalskipulag**
E8 og E9 – Efnislosun á moto-cross svæði og á svæði hestamanna í Ólafsfirði	Efnislosun felld út.
	302 ÍB – Íbúðarsvæði er minnkað.
	309 M – Afmörkun miðbæjarsvæðis er aðlagað að núverandi aðstæðum.
	319 ÍB – Íbúðarsvæði var áður skilgreint sem svæði fyrir samfélagsþjónustu.
	328 E og 302 AT – Ný landfylling fyrir athafnasvæði norðan hafnarinnar.

6.3 SAMGÖNGUR OG ÞJÓNUSTUKERFI

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028	Endurskoðað aðalskipulag
Tengibraut meðfram hafnarsvæði á Þormóðseyri og austan byggðar við Hvanneyrargötu á Siglufirði.	Túngata og Hvanneyrarbraut verða áfram tengibrautir. Ströndin fær landnotkunina strandsvæði sem tryggir útivistargildi hennar.

7 KYNNING, AUGLÝSING OG AFGREIÐSLA

7.1 SAMRÁÐ, KYNNING OG AUGLÝSING

7.1.1 LÝSING

Skipulagslýsing sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var auglýst og send umsagnaraðilum í september 2017. Athugasemdir og umsagnir voru hafðar til hliðsjónar við vinnu á skipulagstillögu þessari.

Lýsing á gerð Aðalskipulags Fjallabyggðar var auglýst þann 4. október 2017 með dreifibréfi inn á öll heimili Fjallabyggðar auk þess að vera aðgengileg á heimasíðu Fjallabyggðar. Athugasemdir og ábendingar bárust í kjölfarið frá þremur aðilum auk umsagnaraðila. Farið var yfir allar ábendingar og þær hafðar til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu eftir því sem þær áttu við.

UMSAGNARAÐILAR

Eftirtöldum umsagnaraðilum var send lýsingin til umsagnar:

- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Isavia
- Minjastofnun Íslands
- Norðurorka
- Rarik
- Samgöngustofa
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofa Íslands, ofanflóðasvið
- Vegagerðin

7.1.2 KYNNING

Drög að aðalskipulagi voru kynnt í bæklingi sem borinn var á hvert heimili í sveitarfélaginu auk þess sem svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar og sveitarfélögin Skagafjörður og Dalvíkurbyggð fengu afrit. Í bæklingnum var samantekt efnis og smækkaðir uppdrættir. Vísað var á vefútgáfu skipulagsins sem og kortasjá sveitarfélagsins til nánari skoðunar.

7.1.3 AUGLÝSING

Á fundi sínum þann 03.02.2021 lagði skipulags- og umhverfisnefnd til við bæjarstjórn að tillaga að Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 yrði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar. Bókunin var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 10.02.2021.

Tillaga að aðalskipulagi Fjallabyggðar 2018-2030 var auglýst frá 16. apríl til 28. maí 2021. Níu umsagnir og ábendingar bárust.

UMSAGNARAÐILAR

Eftirfarandi umsagnaraðilum var send tillagan til yfirferðar og umsagnar:

- Dalvíkurbyggð
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Minjastofnun Íslands
- Norðurorka
- Rarik
- Samgöngustofa
- Skipulagsstofnun
- Skógræktarfélag Ólafsfjaðrar

- Skógræktarfélag Siglufjarðar
- Sveitarfélagið Skagafjörður
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofa Íslands, ofanflóðasvið
- Vegagerðin

Vegna vegaskrár, kafla 4.1.6, um „vegi í náttúru Íslands“ var viðkomandi stofnun/samtökum send tillagan til yfirferðar og umsagnar sbr. 2. m.gr. 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013:

- Bændasamtök Íslands
- Landgræðslan
- Landmælingar Íslands
- Samtök ferðaþjónustunnar
- SUNN – samtök um náttúruvernd á Norðurlandi

7.2 AFGREIÐSLA

Skipulags- og umhverfisnefnd afgreiddi tillöguna á fundi sínum 2. júní 2021.

7.3 BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU

1. hluti – forsendur

Kafli 6.4 **Úrgangsmeðhöndlun.** Umfjöllun um svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026 bætt við.

Kafli 7.1.2 **Skíðasvæðin í Skarðsdal og Hólsdal.** Upplýsingum um stórt snjóflóð sem féll í janúar 2021 bætt við.

Kafli 7.5 **Jarðskjálftar.** Umfjöllun úr landnotkunarhefti færð í forsenduhefti.

2. hluti – landnotkun

Kafli 3.9 **Efnistöku- og efnislosunarsvæði.** Viðmiðunarmörk sett í almenn ákvæði.

Kafli 3.18 **Skógræktar- og landgræðslusvæði.** Bætt er við ákvæði um val á nýrri skógrækt.

Kafli 4.1 **Vegasamgöngur.** Neðanmálsgrein um umsögn Vegagerðarinnar bætt við.

Kafli 5.2.4 **Jarðskjálftar.** Stuðull hönnunarhröðunarsvæðis leiðréttur.

Kafli 5.6.5 **Friðlýsing.** Þemakort með friðlýstum húsum bætt við.

8 SAMÞYKKT, STAÐFESTING OG GILDISTAKA

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 16. júní 2021.

_____
bæjarstjóri

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

_____ _____

Gildistaka aðalskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

9 HEIMILDASKRÁ

Upplýsingar frá stofnunum og fyrirtækjum:

Skipulagsstofnun

Umhverfisstofnun

Hagstofa Íslands

Veðurstofa Íslands

Vegagerðin

Minjastofnun

Byggðastofnun

Landbúnaðarháskóli Íslands

Þjóðskrá Íslands

Lög og reglugerðir:

Reglugerð um hávaða

Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða

Reglugerð um loftgæði

Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns

Skipulagslög

Skipulagsreglugerð

Lög um mat á umhverfisáhrifum

Lög um menningarminjar

Lög um náttúruvernd

Lög um umhverfismat áætlana

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2021). *Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar.*

Ágústa Edwald o.fl. (2006). *Fornleifaskráning í Ólafsfirði.* Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi I.* Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir ritstj. (2008). *Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi II.* Fornleifastofnun Íslands.

Bjarni Jónsson (2001). Veiðimálastofnun, Reykjavík.

Byggðastofnun. (2014). *Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2014*.

Ferðamálastofa Íslands. (2011). *Ferðamálaáætlun 2011-2020.*

Hagtíðindi 2013:2, 22. ágúst 2013. *Spá um mannfjölda 2013-2060.*

Landsskipulagsstefna 2015-2026. Þingsályktun samþykkt af Alþingi 2016.

Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2018-2066, niðurbrot mannfjölda Hagstofunnar í sveitarfélög. 2018:303

Mat á hættu vegna ofanflóða í Ólafsfirði (2005). Hættumatsnefnd Ólafsfjarðarbæjar.

Menntamálaráðuneytið. (2007). *Menningarstefna í mannvirkjagerð.*

Ólafsfjarðarvegur (82) Dalvík-Ólafsfjörður. Endurbætur og leiðaval. (2012) GeoTek, Reykjavík.

Ólafur K. Nielsen. (2001). *Fuglalíf við vegstæði í Héðinfirði og Ólafsfirði*. Reykjavík: Vegagerðin á Akureyri.

Páll Halldórsson (2005), *Jarðskjálftavirkni á Norðurlandi,* Veðurstofa Íslands – Greinargerð 05021.

Páll Líndal. (1982). *Bæirnir byggjast*. Skipulagsstjóri ríkisins og sögufélag, Reykjavík.

Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild. (2011). *Áhættuskoðun almannavarna 2008-2011.*

Siglingastofnun Íslands. (2011). *Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2011.*

Sigurður Sigurðarson (2018). *Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð.* Vegagerðin, Reykjavík.

Stjórnarráð Íslands. (2020). *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.*

Stjórnarráð Íslands. (1982). *Bernar samningurinn.*

Stjórnarráð Íslands. (1975). *Ramsarsamningurinn um votlendi*.

Stjórnarráð Íslands. (2019). *Stefnumótun mennta- og menningarráðuneytis í íþróttamálum.*

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024. (2013).

Sædís Gunnarsdóttir (2019). Bréf dags. 17.10.2019. *StaðfestingMinjastofnunar á stöðu fornleifaskráningar vegna aðalskipulags.* Minjastofnun Íslands, Akureyri.

Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033. https://www.althingi.is/altext/149/s/0174.html

Veðurstofa Íslands. *Veðurstöð 3658 Ólafsfjörður. Upplýsingar um veðurfar.*

Veðurstofa Íslands. *Veðurstöð 3752 Siglufjörður. Upplýsingar um veðurfar.*

Vegagerðin, Jarðfræðistofan ehf. (2001). *Siglufjörður – Ólafsfjörður. Veggöng um Héðinsfjörð. Yfirlit yfir jarðfræði Tröllaskaga og aðstæður til jarðgangagerðar*.

Velferðaráðuneytið (2016). *Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012-2014.*

Þorsteinn Jóhannesson (2010). Skv. tölvupóstssamskiptum dags. 5. mars 2010